

skoðun 12

SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt




Menn, konur, lík og lögga
*Valdís Óskarsdóttir skrifar handrit að nýrri gamanmynd*
fólk 26




# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
15. mars 2011
61. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI




**Hjón í Stundinni okkar**
*Hjónin Margrét og Oddur Bjarni eru nýir höfundar Stundarinnar okkar.*
fólk 26

**Með þýsku að vopni**
*Þýskuhátíð fer fram í Iðu í dag.*
tímamót 16

**Stutt sumarfrí skilaði sér**
*Jón Ólafur Jónsson var kosinn bestur í seinni umferð karlakörfunnar.*
sport 22



**veðrið í dag**




**STORMUR NV-TIL** Í dag verða suðvestan 13-18 m/s, en 18-23 NV-til. Víða snjókoma eða él en úrkomulítið NA- og A-lands. Kólnar í veðri.
VEÐUR 4



**FYRSTA REPJUOLÍAN AFHENT** „Ég var að afhenda fyrstu olíuna sem er framleidd hérna á Íslandi úr repju að einhverju marki. Þetta er í fyrsta skipti sem bóndi flytur olíu úr sveit í bæ til að umbreyta í eldsneyti fyrir dísilvélar," segir Ólafur Eggertsson, bóndi á Þorvaldseyri, sem í gær lét fyrirtækinu Lífdísil í té 500 lítra af olíu sem hann pressaði úr repjufræjum í haust til tilraunaframleiðslu á lífrænni olíu. N1 hefur gert rannsóknir sem sýnir að framleiðslan er arðbær. **Sjá síðu 10**

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Norðurlanda-met í svefn-lyfjanotkun

**Notkun svefn- og kvíðalyfja eykst á Íslandi á sama tíma og hún dregst saman í nágrannalöndunum. Við notum tvöfalt meira af þessum lyfjum en Danir.**

**HEILSA** Hvergi á Norðurlöndum notar eldra fólk meira af kvíðastillandi lyfjum og svefnlyfjum en á Íslandi. Notkunin hér er áberandi og fer vaxandi á sama tíma og dregur úr henni á hinum Norðurlöndunum. Íslendingar nota tvöfalt meira af þessum lyfjum en Danir og þriðjungi meira en Finnar.

„Danir fóru í mikið átak til að minnka notkun svefnlyfja en aðalhvatinn var sá að óbeinn kostnaður af notkun þeirra er mikill og þá sérstaklega hjá gömlu fólki," segir Mímir Arnórsson, lyfjafræðingur hjá Lyfjastofnun. „Lyfin valda því að fólk verður valt á fótunum og oft hljótast af því beinbrot sem kosta heilbrigðiskerfið mikla fjármuni enda líkur á því að gömul manneskja sem dettur og lærbrotnar verði föst inni á sjúkrastofnun í langan tíma."

> Þetta virðist vera lenska hjá okkur og svona hefur þetta verið svo lengi sem ég man eftir, en ég hef verið í faginu í fjörutíu ár.
>
> MÍMIR ARNÓRSSON
> LYFJAFRÆÐINGUR HJÁ LYFJASTOFNUN

Sala á lyfjunum hérlendis jókst úr 70,52 dagskömmtum á hverja þúsund landsmenn árið 2007 í 72,74 árið 2009. Mímir kann ekki skýringu á því hvers vegna þessi munur sé á Íslendingum og nágrannaþjóðunum. „Þetta virðist vera lenska hjá okkur og svona hefur þetta verið svo lengi sem ég man eftir, en ég hef verið í faginu í fjörutíu ár."

Aðalsteinn Guðmundsson öldrunarlæknir segir yfirleitt mælt með því að notkun svefnlyfja sé tímabundin en að reyndin hér á landi sé önnur. - ve / sjá Allt í miðju blaðsins

Starfsfólk slitastjórnar og skilanefndar fær tugmilljónir:

# 70 milljónir í árslaun

**VIÐSKIPTI** Starfsmenn slitastjórnar og skilanefndar Glitnis voru með að meðaltali um sex milljónir í mánaðarlaun á síðasta ári samkvæmt ársreikningi Glitnis. Til samanburðar er forsætisráðherra með rúma milljón á mánuði.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir að frumvarp um eftirlit með skilastjórn og skilanefnd sé í undirbúningi.

Samkvæmt uppgjöri Glitnis fyrir árið 2010 fengu skilanefnd og slitastjórn Glitnis greiddar 348 milljónir króna í árslaun. Skipt ist fjárhæðin á fimm starfsmenn, þrjá í skilanefndinni og tvo í slitastjórninni.

Árni Páll segir þessar tölur mjög háar. Tryggja verði að skilanefndir heyri í framtíðinni undir einhvers konar eftirlit.

Hann segir nauðsynlegt að vinda ofan af því formi sem skilanefndirnar starfa við í dag. Ráðuneytið sé að vinna frumvarp sem eigi að koma skilanefndum undir eftirlit kröfuhafa, skilgreina starfsvettvang þeirra og greiða fyrir að þær verði leystar upp. - jmg

Milljónir manna án nauðsynja á verst útleiknu svæðunum í Japan:

# Enn hætta frá kjarnaofnum

**JAPAN** Enn er unnið að því að kæla kjarnaofna í kjarnorkuverinu í Fukushima í Japan, en kælikerfið eyðilagðist í hamförunum á föstudag. Sprenging varð í annað skipti í verinu í gærmorgun og slösuðust ellefu manns í henni. Áformum um uppbyggingu kjarnorkuvera hefur verið frestað í Þýskalandi og Sviss vegna atburðanna og kjarnorkustefnur hafa verið gagnrýndar í öðrum löndum.

Í gær fundust um tvö þúsund lík á víð og dreif á tveimur stöðum á strönd við Miyagi í norðvesturhluta landsins. Embættismaður í bænum Soma hefur sagt að ekki sé hægt að ráða við hefðbundnar jarðarfarir og að byrjað sé að brenna lík.

Enn er þúsunda saknað og yfirvöld telja að um tíu þúsund manns hafi látist. Milljónir manna eyddu fjórðu nóttinni án vatns, matar, rafmagns og gass í nótt. Talið er að yfir hálf milljón manna hafi misst heimili sín.

Í Iwate-héraði, sem varð einna verst úti, segja embættismenn að aðeins um tíu prósent af neyðarbirgðum sem óskað hefur verið eftir hafi skilað sér. „Fólk þarf að lifa af á litlum mat og vatni. Hlutirnir eru einfaldlega ekki að berast," sagði Hajimo Sato, embættismaður í héraðinu. - þeb, gb / sjá síðu 6


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN



ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUM Á VÍSI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir.is

lífrænt dekur
Lífrænt vottaðar húðsnyrtivörur unnar úr hreinni íslenskri náttúru



SÓLEY
soleyorganics.com

Asphalia for natural sleep
A blend of dry-milled and barley leaves



Asphalia – Náttúrulegur svefn
Fæst í apótekum og heilsubúðum

## SPURNING DAGSINS



*Oddur, var þetta ekki nógu rafmögnuð hugmynd?*

„Það er alveg nóg stuð í Glerá eins og hún er."

Oddur Helgi Halldórsson er formaður bæjarráðs Akureyrar, sem hafnar hugmyndum fyrirtækisins Fallorku um tveggja megavatta virkjun í Glerá sem rennur í gegnum bæinn.

Rannsókn lögreglu og samkeppnisyfirvalda á meintu samráði Byko og Húsasmiðjunnar enn í fullum gangi:

# Sautján handtökur til viðbótar vegna samráðs

**LÖGREGLUMÁL** Sautján stjórnendur og starfsmenn Byko og Húsasmiðjunnar voru handteknir í gær og færðir til yfirheyrslu vegna rannsóknar á meintu samráði verslananna með grófvöru á byggingarmarkaði. Þeim var öllum sleppt úr haldi í gærkvöldi.

Aðgerðirnar í gær koma í kjölfar húsleita sem farið var í fyrir viku í fyrirtækin tvö auk smásalans Úlfsins. Þá voru nítján manns handteknir og hald lagt á bókhaldsgögn og aðra muni. Aðgerðirnar eru á forræði efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra og grundvallast á kæru frá Samkeppniseftirlitinu. Farið var í þær í samstarfi við Samkeppniseftirlitið. Grunur er um ólögmætt samráð keppinautanna um verð, gerð tilboða og skiptingu markaðar. Slík brot sæta rannsókn lögreglu að undangenginni kæru.

Samhliða þessu hefur Samkeppniseftirlitið til rannsóknar ætluð brot fyrirtækjanna á banni við ólögmætu samráði, sem geta varðað stjórnvaldssektum. Fyrirtækin hafa lýst yfir fullum samstarfsvilja við yfirvöld og forstjóri Húsasmiðjunnar vísaði öllum ásökunum um verðsamráð á bug. **- sh**




**HÚSASMIÐJAN OG BYKO** Lögregla hefur starfsmenn og stjórnendur fyrirtækjanna tveggja grunaða um að skipta markaðnum skipulega á milli sín.



**„ÍSLAND ER ALVEG EINSTAKT"** Manser hefur ekki tekist á við viðlíka verkefni áður. MYND/RIANN MANSE

Suður-afrískur kajakræðari:

## Rær umhverfis landið að vori

**FÓLK** „Ísland er alveg einstakt land. Ég heimsótti það og Grænland í fyrra og var upp frá því staðráðinn í að fá tækifæri til að virkilega upplifa töfra þess," segir Suður-Afríkumaðurinn Riaan Manser, sem ætlar að gera sér lítið fyrir og hefja róður umhverfis landið 18. mars næstkomandi.

Manser hefur glímt við ýmsar ævintýralegar aðstæður en kveðst þó ekki hafa tekist á við leiðangur af þessari stærðargráðu áður. Með í för verður erlent tökulið sem mun mynda ferðalagið. **- rve / Allt í miðju blaðsins**

Hörku beitt á mótmælendur:

## Ráðist á ríkisstjóra í Jemen

**JEMEN, AP** Ráðist var á ríkisstjórann í Marib-ríki í Jemen á mótmælafundi í gær. Ríkisstjórinn var stunginn í hálsinn.

Auknu ofbeldi hefur verið beitt gagnvart mótmælendum í landinu síðustu daga. Greint hefur verið frá því að lögreglan hafi notað táragas og skotvopn gegn mótmælendum og sex létust í höfuðborginni Sanaa.

Tveir bandarískir og tveir breskir blaðamenn voru handteknir og þeim vísað úr landinu í gær vegna fréttaflutnings af vaxandi ofbeldi lögreglunnar. **- þeb**

# Klíkustríð kostar þrjú líf í Kaupmannahöfn

**Þrír ungir Kaupmannahafnarbúar hafa verið drepnir á innan við viku. Allir eru af erlendum uppruna. Fjöldi skotárása hefur verið í borginni síðustu daga. Íslenskur námsmaður segir að borgin sé þrátt fyrir allt friðsæl að mestu leyti.**

**KAUPMANNAHÖFN** Þrír ungir menn eru látnir eftir röð ofbeldisverka í Kaupmannahöfn síðustu daga. Atvikin eru talin hluti af deilum glæpamanna af erlendum uppruna. Enginn hefur enn verið handtekinn í tengslum við morðin.

Síðasta atvikið var þegar 19 ára piltur lést af sárum sínum aðfaranótt mánudags, en hann varð fyrir skoti á götu úti á Norðurbrú á sunnudagskvöld.

Þrír menn stukku út úr bifreið í Blågårdsgade og hleyptu af skotum á hóp manna. Hinn látni, sem er danskur ríkisborgari af innflytjendaættum, fékk skot í bakið, en aðra sakaði ekki.

Hin tvö tilvikin voru þar sem 24 ára íraskur maður fannst látinn af völdum stungusára við Kristjánshöfn á laugardag og á fimmtudag lést 19 ára Sómali í skotárás í Husum-hverfinu þar sem tveir aðrir særðust, þó ekki lífshættulega.

Morðið á sunnudagskvöld var fimmta skotárásin í Kaupmannahöfn og nágrenni á einni viku og hefur lögreglan eflt mjög viðbúnað sinn síðustu daga.

Mennirnir sem létust voru ekki þekktir glæpamenn, þótt þeir hafi verið viðloðandi glæpagengi. Sérfræðingar í málum tengdum þessum hópum segja að líklegast séu bæði fórnarlömbin og gerendur undirmenn í klíkunum. Alls óvíst er þó að árásirnar tengist og óljóst er um hvað deilurnar snúast.



MAGNÚS SVEINN JÓNSSON

„Ég held meira að segja að þeir viti ekki einu sinni sjálfir hvað málið snýst um," segir Knud Hvass, yfirmaður glæpagengjadeildar lögreglunnar í Kaupmannahöfn við danska fjölmiðla. Hann segir að ekkert bendi til þess að mótorhjólagengi eins og Vítisenglar séu viðriðin þessi mál. „Þetta eru innflytjendagengin sem eru að berjast innbyrðis."

Að sögn Magnúsar Sveins Jónssonar, námsmanns sem hefur verið búsettur í borginni síðustu misseri, reyna Íslendingar þar að láta þessi atvik sem minnst á sig fá.

„Maður heyrir af og til af einhverjum skotárásum en persónulega breytir það litlu fyrir mig. Ég er ekki hræddur úti á kvöldin þótt ég búi niðri í miðbæ."

Magnús bætir því þó við að fólk sé ef til vill á varðbergi á ferð um Norðurbrú að kvöldi til.

„Ég hef samt aldrei persónulega séð neitt ofbeldi þar og vinir mínir sem búa í því hverfi hafa ekki miklar áhyggjur af þessu. Í mínum huga er þetta bara nokkuð friðsæl borg þótt auðvitað leynist misjafn sauður í mörgu fé."

**thorgils@frettabladid.is**




**OFBELDISHRINA** Fjölmörg mál tengd deilum glæpahópa hafa komið til kasta lögreglu að undanförnu. Þrír hafa látið lífið á innan við viku.

### Skálmöld

**13. mars** 19 ára piltur skotinn til bana í Norðurbrú.

**12. mars** 24 ára gamall maður fannst látinn af völdum stungusára við Kristjánshöfn.

**10. mars** 19 ára piltur skotinn til bana á götu úti í Husum-hverfi. Tveir aðrir særast í árásinni.

**7. mars** Skotið að leigubíl þar sem þrír farþegar sleppa ómeiddir.

**7. mars** Maður særist á öxl í skotárás í Ishøj, skammt utan við Kaupmannahöfn.

**7. mars** Vitni greina frá skothvellum í Austurbrú. Enginn særður, en lögregla fann skothylki á vettvangi.

Töfin getur orðið dýrkeypt:

## Bólusetningar barna tefjast

**HEILBRIGÐISMÁL** Bólusetning gegn eyrnabólgu mun tefjast um nokkra mánuði vegna kærumáls eftir útboð.

Tvö fyrirtæki tóku þátt í útboði um verkefnið og fyrirtækið sem ekki hlaut það kærði. Útboðið verður því endurtekið.

Álfheiður Ingadóttir spurði Guðbjart Hannesson velferðarráðherra út í málið á Alþingi í gær. Hún segir töfina geta orðið dýrkeypta því hámarksárangur af bólusetningu næst aðeins ef börn eru bólusett við þriggja mánaða aldur. Vonast er til að hægt verði að bólusetja öll börn sem fæðast á árinu en tafirnar munu hafa mest áhrif á börn fædd frá ársbyrjun til marsloka. **- þeb**

Engin breyting á toppnum:

## Kuzubov leiðir enn MP-mótið

**SKÁK** Úkraínski stórmeistarinn Yuriy Kuzubov leiddi enn í gærkvöldi á MP Reykjavíkurskákmótinu með sex vinninga. Í sjöundu umferð gerði hann jafntefli við stigahæsta keppanda mótsins, Englendinginn Luke McShane.



YURIY KUZUBOV

Að minnsta kosti átta skákmenn koma í humátt á eftir Kuzubov með fimm og hálfan vinning. Hannes Hlífar Stefánsson og Sigurður Daði Sigfússon eru efstir íslenskra skákmannanna með 5 vinninga en sá síðarnefndi hefur unnið 3 skákir í röð.

Mótið er jafnframt Norðurlandamót í skák. Norðmaðurinn Jon Ludvig Hammer er efstur í opnum flokki með fimm og hálfan vinning. **- sh**




Utanríkisráðherrar G8 ríkjanna funda í París á meðan hersveitir gera loftárásir:

# Ræða flugbann yfir Líbíu í dag

**LÍBÍA** Málefni Líbíu og mögulegt flugbann yfir landinu er aðalumræðuefni utanríkisráðherra G8 ríkjanna, sem funda nú í París. Bretar og Frakkar hafa hvatt til þess að bannið verði sett á sem fyrst og Arababandalagið hefur lýst yfir stuðningi við það. Uppreisnarmenn hafa kallað eftir stuðningi alþjóðasamfélagsins.

Hersveitir Gaddafís einræðisherra landsins gerðu loftárásir á tvær lykilborgir uppreisnarmanna í gær. Borgirnar Ajdabiya og Brega eru mikilvægar fyrir þá, en jafnframt meginveikleiki þeirra þar sem mikið er af vegum á opnum svæðum sem auðvelt er að varpa sprengjum á. Gaddafí reynir nú að ná völdum í austurhluta landsins en uppreisnarmennirnir segjast hafa haldið völdum á þeim svæðum þar sem mestu olíuauðlindirnar eru.

Hersveitir Gaddafís hófu einnig í gær árás á bæinn Zwara, sem er rúmum hundrað kílómetrum frá höfuðborginni Trípólí.

Fundur utanríkisráðherranna átta fer fram í París, en Frakkar hafa viðurkennt uppreisnarmenn sem stjórnvald í landinu. Utanríkisráðherra Bretlands, William Hague, sagði í gær að það yrði martröð ef Gaddafí næði völdum á ný. Hann sagði einnig að ákvörðun um flugbann væri á næsta leiti. **- þeí**



**VIÐ BORGINA AJDABIYA** Ungur uppreisnarmaður heldur á ítölskum Beretta rifli við borgina Ajdabiya. Hersveitir Gaddafís gerðu loftárás á borgina í gær en uppreisnarmenn halda enn sem komið er völdum þar sem og í borginni Brega. NORDICPHOTOS/AFP




Kristín B. Sigurjónsdóttir - Bílabúð Benna / Notaðir bílar

Björn Ingi Jóhannsson - Bílabúð Benna / Þjónustumiðstöð

Jón Kr. Stefánsson - Bílabúð Benna / Nýir bílar

CHEVROLET

# Tákn um öryggi í 100 ár!

## Sagan um Chevrolet merkið, öryggismálin og slaufuna

Chevrolet er 100 ára á þessu ári. Chevrolet merkið, eitt frægasta vörumerki heims, er teiknað með slaufuna sem fyrirmynd. Til er skemmtileg saga frá fyrstu starfsárum Chevrolet sem segir að Chevrolet slaufan hafi upphaflega verið hönnuð sem hluti af herferð um öryggi á vinnustað.

Herferðin kom til vegna þess að samkvæmt tísku þess tíma gengu allir starfsmenn Chevrolet með bindi í vinnunni. Reynslan sýndi fram á að flaksandi bindi geta verið hættuleg innan um stórvirkar vélar. Í herferðinni voru starfsmenn hvattir til að skipta bindunum út fyrir slaufur. Hún heppnaðist fullkomlega, slaufan varð allsráðandi og vinnuslysum snarfækkaði.

Þetta segir sína sögu um áherslur Chevrolet og því hömpum við slaufunni á aldarafmælinu og köllum það Ár slaufunnar; Chevrolet slaufan er tákn um öryggi í 100 ár.




Við erum á Facebook
www.facebook.com/bilabudbenna
Like

Bílabúð Benna - Chevrolet sýningarsalur - Tangarhöfða 8-12 - Reykjavík - sími 590 2000 - www.benni.is

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

## GENGIÐ 14.3.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,23 | 115,79 |
| Sterlingspund | 185,7 | 186,6 |
| Evra | 160,94 | 161,84 |
| Dönsk króna | 21,576 | 21,702 |
| Norsk króna | 20,56 | 20,682 |
| Sænsk króna | 18,187 | 18,293 |
| Japanskt jen | 1,4055 | 1,4137 |
| SDR | 181,69 | 182,77 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
216,4764

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Steingrímur J. Sigfússon segist ekki standa að áætlunum um annan gjaldmiðil:

# Notum krónuna í mörg ár enn

**ALÞINGI** Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra segir að krónan verði gjaldmiðill Íslendinga í mörg ár í viðbót. Sjálfur muni hann ekki standa að neinum áætlunum sem geri ráð fyrir öðru. „Krónan hefur á margan hátt nýst okkur vel," sagði Steingrímur; án hennar væri atvinnuleysi meira og verðmætasköpun minni. Steingrímur sagði að krónueignir erlendra aðila væri „sú snjóhengja sem hangir yfir" íslensku efnahagslífi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, Framsóknarflokki, spurði Steingrím hvort hann væri sammála yfirlýsingum Árna Páls Árnasonar, efnahagsráðherra, um að gjaldeyrishöft yrðu á Íslandi meðan krónan væri gjaldmiðill landsins og hvað hann segði um yfirlýsingar hans?

Steingrímur sagðist láta nægja að gera grein fyrir eigin viðhorfum. Það sé vandasamt og stórt verkefni að vinda ofan af höftunum og kalli á ögun og vönduð vinnubrögð við stjórn ríkisfjármála, en að því uppfylltu sé engin ástæða til að ætla að hér takist ekki að undirbyggja stöðugleika með eigin gjaldmiðli. - pg



**FRAMTÍÐARGJALDMIÐILL** Fjármálaráðherra segir að krónan verði gjaldmiðill Íslendinga í mörg ár enn.

Lögregla rannsakar byssumál:

## Skotið á sumarhús í Fljótshlíð

**LÖGREGLUMÁL** Skotið var úr stórum riffli á sumarbústað í Fljótshlíð nýverið og rannsakar lögreglan á Hvolsvelli málið.

Eigandi sumarhússins hafði samband og tilkynnti að hann grunaði að skotið hefði verið á bústaðinn. Lögregla fór á staðinn. Staðfest er að um skot var að ræða úr stórum riffli, en skotið fannst í bústaðnum. Málið er litið alvarlegum augum þar sem riffill af þessari stærð dregur mjög langt. Lögreglan telur að um óviljaverk hafi verið að ræða. - jss

Kona ákærð fyrir fjárdrátt:

## Stal leigu fyrir fjögur sumarhús á Spáni

**DÓMSMÁL** Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu hefur ákært hálffertuga konu fyrir fjárdrátt.

Konunni er gefið að sök að hafa dregið sér tæplega 400 þúsund krónur sem hún fékk greiddar inn á bankareikning sinn frá manni og þremur ættingjum hans með átta millifærslum. Fjármunirnir áttu að ganga til greiðslu á leigu fjögurra sumarhúsa á Spáni samkvæmt samningi konunnar við einn fjórmenninganna. - jss

Lögreglan í önnum:

## Ráðist var á tvo menn á Selfossi

**LÖGREGLUMÁL Lögregla var kölluð að skemmtistaðnum 800 bar á Selfossi um nýliðna helgi vegna líkamsárásar. Þar hafði tveimur mönnum lent saman. Annar reyndist óskaddaður en hinn var með sýnilega áverka á andliti. Honum var komið undir læknishendur en reyndist óbrotinn.**

**Þá voru lögregla og sjúkralið kölluð að íbúðarhúsi á Selfossi snemma á laugardagsmorgun. Ungur maður hafði hrint manni niður tröppur innanhúss og dregið hann síðan út úr húsinu þar sem hann sparkaði í höfuð og bak hans. Árásarmaðurinn flúði en fórnarlambið var flutt á Heilsugæsluna á Selfossi.** - jss

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Þrír ölvaðir undir stýri**

Rúmlega hundrað og fimmtíu ökumenn voru stöðvaðir í sérstöku umferðareftirliti lögreglunnar um helgina. Þrír reyndust ölvaður við stýrið og einn þeirra hafði þegar verið sviptur ökuleyfi.

# Vill Baldur dæmdan í tveggja ára fangelsi

**Saksóknari segir hafið yfir allan vafa að Baldur Guðlaugsson hafi gerst sekur um innherjasvik. Verjandi Baldurs segir sönnunargögn allsendis ófullnægjandi og að Baldur hafi misst bæði vinnu og æru vegna herferðarinnar sem málið sé.**

**DÓMSMÁL** Björn Þorvaldsson, saksóknari hjá embætti sérstaks saksóknara, fer fram á minnst tveggja ára óskilorðsbundinn fangelsisdóm yfir Baldri Guðlaugssyni, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, sem sakaður er um innherjasvik upp á 192 milljónir með bréf í Landsbankanum.

Aðalmeðferð í máli Baldurs lauk í gær með skýrslu síðasta vitnisins og munnlegum málflutningi saksóknara og verjanda.

Björn sagði það hafið yfir allan vafa að Baldur hefði búið yfir innherjaupplýsingum þegar hann seldi bréfin 17. og 18. september 2008. Þær hefði hann öðlast á fundum samráðshóps þriggja ráðuneyta, Fjármálaeftirlitsins og Seðlabankans þar sem til umfjöllunar voru aðsteðjandi ógnir á fjármálamarkaði. Jafnframt hefði honum verið ljóst, meðal annars eftir fund með bankastjórum Landsbankans í London, að viðræður stæðu yfir um flutning Icesave-reikninganna yfir í dótturfélag þar ytra.

Björn benti á misræmi í framburði Baldurs og annarra vitna. Hann nefndi sérstaklega að Baldur hefði fullyrt að hann hefði engin samskipti átt við stjórnendur Landsbankans í aðdraganda sölunnar, jafnvel þótt hann hefði setið með þeim fund. Þá hefði hann sagst hafa látið Bolla Þór Bollason, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, vita af sölunni fyrir fram. Því neitar Bolli. Hann hefði fengið að vita af henni eftir á og verið henni andvígur.

Karl Axelsson, verjandi Baldurs, krafðist sýknu. Hann sagði að fundargerðir samráðshópsins, sem sönnunarfærsla ákæruvaldsins byggir að stærstum hluta á, væru óáreiðanlegar. Þær væru enn merktar sem „drög" og væru í raun bara minnispunktar ritara. „Þetta er náttúrlega ekki eitthvað kvenfélag," sagði hann.

Þá sagði hann að þótt upplýsingarnar sem þar kæmu fram gætu talist trúnaðarupplýsingar væri ekki þar með sagt að þær væru innherjaupplýsingar.

Karl sagði einnig að Baldur hefði misst bæði vinnuna og æruna vegna málsins, og hefði nú í tvö ár verið stöðugt milli tannanna á fólki vegna fjölmiðlaumfjöllunar. Málssóknin væri „herferð" gegn Baldri.

Þá mótmælti Karl upptökukröfunni í málinu, jafnvel þótt Baldur yrði sakfelldur.

Dómur í málinu verður kveðinn upp innan fjögurra vikna. - sh, eh



**ÁN STARFS OG ÆRU** Baldur hefur alla tíð haldið fram sakleysi sínu. Framburður hans hefur hins vegar ekki alltaf fengið stoð í vitnisburði annarra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Ekki verðmyndandi upplýsingar



**Halldór J. Kristjánsson**, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, gaf skýrslu símleiðis frá London í gær. Það kom nokkuð á óvart, enda hafði aðalmeðferðinni verið frestað um tíu daga vegna þess að svo mikilvægt þótti að fá Halldór á staðinn frá Kanada. Persónulegar ástæður komu í veg fyrir að hann kæmist. Halldór sagði meðal annars að hann teldi ekki að upplýsingar um viðræður Landsbankans við breska fjármálaráðuneytið um flutning Icesave-reikninganna yfir í dótturfélag hefðu verið verðmyndandi fyrir bréf bankans.

Sérstakur saksóknari:

## Hefur 80 mál til meðferðar

**LÖGREGLUMÁL** Alls hafa 216 manns réttarstöðu sakbornings í málum sem sérstakur saksóknari hefur til meðferðar vegna bankahrunsins.



**ÓLAFUR ÞÓR HAUKSSON**

Heildarfjöldi einstaklinga, sakborningar og vitni, sem hafa verið yfirheyrðir hjá embætti sérstaks saksóknara er 471. Þetta kemur fram í svari Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra við fyrirspurn Sigmundar Ernis Rúnarssonar, þingmanns Samfylkingarinnar, á Alþingi í dag.

Svör Ögmundar byggðu á upplýsingum sem ráðherra fékk frá embætti sérstaks saksóknara. Fram kom í máli Ögmundar að heildarfjöldi yfirheyrslna væri 600. Sérstakur saksóknari hefur 80 mál til meðferðar. - jhh

Sjö ár frá hryðjuverkum:

## Milljarðatugir í skaðabætur

**SPÁNN Sjö ár voru liðin á föstudaginn frá hryðjuverkaárásunum á fjórar lestar í Madríd, þar sem 191 lét lífið og tæplega tvö þúsund særðust.**

**Átján menn hafa verið dæmdir fyrir aðild sína að hryðjuverkunum. Innanríkisráðherra Spánar greindi frá því á fimmtudag að 314 milljónum evra, jafnvirði um fimmtíu milljarða króna, hefði verið varið í skaðabætur til fórnarlamba og fjölskyldna þeirra.**

**Borgarstjóri Madrídar afhjúpaði minnismerki um fórnarlömb árásanna á föstudaginn var.** - þeb


hvar?.is

**Ársfundur**
**Landsaðgangs**
**að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum**

**verður haldinn föstudaginn 18. mars kl. 15.00.**

Fundurinn verður í fyrirlestrarsal Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í Þjóðarbókhlöðu við Arngrímsgötu í Reykjavík.

Nánari upplýsingar á www.hvar.is


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**ÉLJAGANGUR**
Búist er við stormi um landið norðvestanvert í dag, en það dregur úr vindi á landinu í kvöld og á morgun verður víðast fremur hægur vindur. Snjókoma eða éljagangur um allt land á morgun og kólnar í veðri í bili.



**Á MORGUN**
8-13 m/sv-til, annars mun hægari.

**FIMMTUDAGUR**
5-10 m/s.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 20° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 16° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 17° |
| London | 14° |
| Mallorca | 18° |
| New York | 10° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | -3° |
| París | 18° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | -1° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

TOYOTA

# Að bremsa eða bremsa ekki?
# Hver vill spyrja sig þeirrar spurningar?




## Í mars er ástandsskoðun á bremsum í boði þjónustuaðila Toyota - Bara lausnir

Stoppaðu hjá einhverjum af viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota og láttu fara yfir bremsudiskana, bremsuklossana og bremsuborðana í bílnum. Það eykur umferðaröryggi og sparar þér peninga.

## 20% afsláttur

Í mars er 20% afsláttur af öllum bremsudiskum, bremsuklossum og bremsuborðum hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Toyota Kópavogi | Nýbýlavegi 8 | 200 Kópavogi | 570 5070 |
| Toyota Akureyri | Baldursnesi 1 | 603 Akureyri | 460 4300 |
| Toyota Selfossi | Fossnesi 14 | 800 Selfossi | 480 8000 |
| Toyota Reykjanesbæ | Njarðarbraut 17 | 260 Reykjanesbæ | 420 6600 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur | Bæjarflöt 13 | 112 Reykjavík | 577 7080 |
| Bifreiðaverkstæðið Ásinn | Kalmansvöllum 3 | 300 Akranesi | 431 5050 |
| Bílatangi | Suðurgötu 9 | 400 Ísafirði | 456 4580 |
| Bifreiðaverkstæði KS | Hesteyri 2 | 550 Sauðárkróki | 455 4570 |
| Bílaleiga Húsavíkur | Garðarsbraut 66 | 640 Húsavík | 464 1888 |
| Bílaverkstæði Austurlands | Miðási 2 | 700 Egilsstöðum | 470 5070 |
| Bílageirinn | Grófinni 14a | 230 Reykjanesbæ | 421 6901 |

**Kynntu þér betur þjónustu okkar á www.toyota.is**

Today
Tomorrow
Toyota

## KJÖRKASSINN



*Hefur þú upplifað eða orðið vitni að einelti á þínum vinnustað?*

| | |
|---|---|
| Já | 59,9% |
| Nei | 40,1% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú notað svefnlyf?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. vísir

Stórt viðhaldsverkefni á flugvélakosti Icelandair:

# Endurnýja flugstjórnarklefa í sextán vélum

**SAMGÖNGUR** Endurnýjun flugstjórnarklefa í sextán Boeing 757 vélum í eigu Icelandair stendur yfir.

Með aukinni tölvuvæðingu í flugstjórnarklefanum er ætlunin að auka öryggi, draga úr viðhaldskostnaði og spara eldsneyti, segir í fréttatilkynningu.

Flugmenn fá aðgang að meiri upplýsingum en áður um flugið og stöðu vélarinnar. Þá verður nýjum gagnatengingum komið fyrir í vélunum til að tryggja að stjórnstöðin á Keflavíkurflugvelli verði í stöðugu sambandi við vélarnar hvar sem þær eru staddar á lofti eða á jörðu.

„Með þessari uppfærslu á tækjabúnaði er stjórnklefi Boeing 757 flugvélanna okkar búinn fyrir flugumferðarstjórnunarkerfi framtíðar," segir Hilmar Baldursson, flugrekstrarstjóri Icelandair.

Tækniþjónusta Icelandair á Keflavíkurflugvelli annast breytingar jafnt og þétt samhliða reglulegum skoðunum. Félagið segist vera fyrsta flugfélagið í Evrópu til að ráðast í breytingar af þessu tagi á Boeing 757 vélum. **- pg**



**Á FLUGI** Flugstjórarnir Baldvin Birgisson og Þórhallur Haukur Reynisson á reynsluflugi í nýuppgerðum stjórnklefa í Boeing 757. MYND/ICELANDAIR

Hamfarirnar í Japan:

## 70 þúsund börn heimilislaus

**JAPAN Að minnsta kosti 70 þúsund börn í Japan hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna hamfaranna þar í landi. Samtökin Barnaheill – Save the Children vekja athygli á þessu.**

**Mörg barnanna hafa misst heimili sín og verða að leita skjóls í ókunnugu umhverfi, segir Stephen McDonald, sem stjórnar starfi samtakanna vegna hamfaranna. Hann segir þær aðstæður geta valdið börnum óöryggi og kvíða. Þá sé hætta á að börn hafi orðið viðskila við foreldra og fjölskyldur sínar.**

**Barnaheill á Íslandi benda fólki á söfnunarsíma og reikning félagsins. - þeb**

Búddistar á Íslandi:

## Bænastundir fyrir Japana

**SAMFÉLAGSMÁL** Soka Gakkai búddistar á Íslandi munu standa fyrir bænastund hvern dag þessa viku þar sem beðið verður fyrir japönsku þjóðinni og öllum sem eiga um sárt að binda vegna náttúruhamfaranna þar í landi.

Bænastundirnar fara fram í menningarmiðstöð samtakanna að Bíldshöfða 16. Þær standa frá klukkan 19 til 20 virka daga og frá 10 til 14 á laugardag.

Á sunnudag verður svo sérstök minningarathöfn haldin klukkan 17 fyrir fórnarlömb náttúruhamfaranna. **- þj**

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bíl ekið inn í hrossahóp

Bifreið var ekið inn í hrossastóð við bæinn Giljar í Mýrdal nýlega. Myrkur var og slæmt skyggni. Ekki urðu slys á mönnum, en bifreiðin mun hafa skemmst talsvert. Hrossin hlupu út í myrkrið og hefur ekkert þeirra fundist sært eftir atvikið, að sögn lögreglu.

# Efasemdir um kjarnorku fá byr undir báða vængi á ný

**Öllum áformum um frekari uppbyggingu kjarnorku frestað í Þýskalandi og Sviss vegna kjarnorkuslyssins í Fukushima. Umræða blossar einnig upp í Svíþjóð og Finnlandi, Frakklandi og Bandaríkjunum.**

**JAPAN** Efasemdir um hvort skynsamlegt sé að nota kjarnorku hafa fengið byr undir báða vængi í kjölfar jarðskjálftanna í Japan, þar sem kjarnorkuverið í Fukushima laskaðist illa og hætta á alvarlegri mengun hefur ekki verið útilokuð.

Bæði þýsk og svissnesk stjórnvöld hafa, í ljósi atburðanna í Japan, frestað öllum ákvörðunum um frekari uppbyggingu kjarnorkuvera. Í Frakklandi og Bandaríkjunum hefur umræðan um kjarnorkuver einnig breyst skyndilega í ljósi nýjustu atburða. Í Svíþjóð og Finnlandi hefur slysið í Fukushima einnig kynt undir gagnrýni á kjarnorkustefnu stjórnvalda.

Sérfræðingar telja reyndar litlar sem engar líkur á því að slysið og mengunin verði af sömu stærðargráðu og í Tsjernóbyl árið 1986 þegar geislamengun barst yfir stór svæði í Sovétríkjunum og Evrópu og kostaði tugi manna lífið auk þess að hafa skelfileg áhrif á heilsufar fjölda fólks í næsta nágrenni og jafnvel víðar.

Nær sé að bera slysið í Fukushima saman við kjarnorkuslysið á Three Mile Island í Bandaríkjunum árið 1979, enda hafi orsökin þá verið svipuð: bilun í kælikerfi. Kjarnaofnarnir í Tsjernóbyl hafi auk þess verið allt annarrar gerðar en ofnarnir í Fukushima og öryggisatriði ekki í jafn góðu lagi.

Í Japan eru nú starfrækt 54 kjarnorkuver. Frá þeim koma 30 prósent af allri raforku, sem notuð er í landinu. Áform hafa verið um að auka þessa hlutdeild upp í 40 prósent á næstu árum, en vera má að þau áform verði nú endurskoðuð. Kjarnorkuverið í Fukushima var tekið í notkun árið 1966. Þar eru nú starfrækt sex kjarnaofnar, en tveir í viðbót eru í smíðum. Af ofnunum sex voru þrír í notkun þegar jarðskjálftinn reið yfir en hinir þrír voru ekki í notkun vegna viðhaldsvinnu.

Yukio Edano, talsmaður japönsku stjórnarinnar, sagði síðdegis í gær að allt benti til þess að eldsneytisstangirnar í öllum þremur kjarnaofnunum væru byrjaðar að bráðna. Hve alvarlegt það verður fer eftir því hve vel gengur að kæla niður ofnana.

Kælikerfi ofnanna þriggja eyðilagðist í jarðskjálftanum. Brugðið var á það ráð að dæla sjó inn á ofnana til að kæla þá, sem hefur dregið úr hættunni en þó gengið brösuglega.

Sprenging varð í kjarnaofni númer 1 á laugardag, síðan í ofni númer 3 í gær og veruleg hætta virtist á sprengingu í þeim þriðja, ofni númer 2.

„Tekist hefur að ná að minnsta kosti einhverjum stöðugleika í bili í ofnum 1 og 3," sagði Ryohei Shiomi frá kjarnorku- og iðnstofnun Japans í gær. „Öll okkar athygli og allt okkar starf beinist nú að ofni 2." **gudsteinn@frettabladid.is**



**SPRENGINGIN Í KJARNAOFNI 3** Sprengingar hafa orðið í tveimur kjarnaofnum í Fukushima. NORDICPHOTOS/AFP

## Kjarnabráðnun

Kjarnorkuverið í Fukushima varð illa úti í jarðskjálftanum mikla á föstudag. Sprengingar hafa þegar orðið í tveimur af sex kjarnaofnum versins og hætta er á sprengingu í þeim þriðja.

**Suðuvatnsofn** Í kjarna ofnsins er öreindum úrans sundrað með keðjuverkun. Sundrun öreindanna framleiðir hita, sem notaður er til að hita vatn að suðu. Gufan af vatninu knýr túrbínur sem framleiða rafmagnið. Gufan þéttist síðan á ný og er pumpað aftur inn í ofninn. Þannig heldur hringrás vatnsins áfram. **Fjölþættar öryggisvarnir eiga að koma í veg fyrir að geislavirk efni sleppi út.**

**1 Málmklæðning** Umlykur eldsneytisstangir í kjarna ofnsins.

**2 Þrýstigeymir**

**3 Steinsteypubyrgi**

**Neyðarstöðvun** Í jarðskjálfta er sundrun öreinda þegar í stað hætt

**4 Hemilstangir:** Hægja á sundrun. Reknar inn í kjarnann innan sjö sekúndna með vökvaafli.

**5 Neyðarkæling** Olíuknúnir rafalar knýja kælibúnað.

**6 Vatnsbrunnur** Þrýstiléttibúnaður fer í gang þegar þrýstingur fer yfir 75 staðalloftþyngdir. Þrýstingslokur opnast og hleypa gufu út í vatnsbrunn neðst í steypuhylkinu.

**7 Kjarnabráðnun** Fari hiti yfir 1.200°C bráðnar málmklæðningin utan um eldsneytisstangirnar. Geislavirkar samsætur cesíums eða joðs sleppa út í steypubyrgið. Þar með sleppur geislavirkni út í andrúmsloftið í gegnum skemmdir á byrginu.




Heimildir: General Electric, wire agencies © GRAPHIC NEWS


# Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa

*Góður ávöxtunarkostur – einnig í áskrift*




10,2%

ÁRLEG NAFNÁVÖXTUN*

**100% RÍKISTRYGGING**

***Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma 460 4700 eða kynntu þér málið á www.iv.is***

100% afsláttur af viðskiptaþóknun til 31. mars 2011

ÍSLENSK VERÐBRÉF

Þar sem þínir hagsmunir ráða ferðinni

Strandgata 3 600 Akureyri I Sigtún 42 105 Reykjavík
Sími: 460 4700 I www.iv.is I iv@iv.is

*Árleg nafnávöxtun frá 15.01.2001 til 28.02.2011. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð.

Áskriftarsjóður ríkisverðbréfa er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag verðbréfasjóða ÍV hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Útboðslýsingu og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu www.iv.is. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útboðslýsingu sjóðsins og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti.



ÚRVALIÐ ER
í Flísa- & Baðmarkaðnum
Þýskar og spænskar innréttingar
ROMA innrétting og spegill
37.900
CERAVID Markenset, svört og hvít með spegli/ljósi
35.940
(Handlaug og Grohe blöndunartæki kr 29.900)
VitrA
QUALITY
FC 504 Sturtuhorn 90x90 cm
29.900
PARIS innrétting með handlaug og spegli. Fæst í hvítu, dökku wengue og zebra.
24.900
45x30x35 cm, spegill 45x65 cm
Úrval nýrra innrétt-inga
CERAVID baðkar 170x75 cm
17.900
evidrain®
MASSIVE
30 cm
23.900
60 cm
36.900
CALIFORNIA innrétting og spegill
39.900
hár skápur 29.900
(fáanlegt í hvítu og Wengue)
NAPOLI hitastýrt sturtusett
29.900
GREKA niðurfall í horn
35 cm
11.900
Flísa&Bað
MARKAÐURINN
Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.

Verkalýðsfélagið Hlíf

ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA

Kjörstjórn Vlf. Hlífar auglýsir framboðsfrest vegna kosningar fulltrúa Vlf. Hlífar í fulltrúaráð Gildis Lífeyrissjóðs fyrir kjör-tímabilið 2011-2013.

Tillögum skulu vera um 6 aðalfulltrúa og 6 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir kl. 16.00, mánudaginn 21. mars n.k.

Fulltrúalisti uppstillingarnefndar liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með mánudeginum 14. mars 2011.

Tillögunum ber að fylgja meðmæli minnst 50 til 60 félagsmanna.

Kjörstjórn Vlf. Hlífar

Velta í dagvöruverslun jókst um 2,5 prósent á milli ára þrátt fyrir verðbólgu:

# Sala á fötum dregst saman

**VIÐSKIPTI** Velta í dagvöruverslun jókst um 2,5 prósent á föstu verðlagi í febrúar miðað við sama mánuð í fyrra.

„Leiðrétt fyrir árstíðabundnum þáttum jókst velta dagvöruverslana í febrúar um 2,6 prósent frá sama mánuði í fyrra,“ segir í tilkynningu Rannsóknaseturs verslunarinnar á Bifröst. Verð á dagvöru hækkaði um 1,1 prósent á síðastliðnum 12 mánuðum.

„Velta dagvöruverslana hefur verið vaxandi síðustu fjóra mánuði. Þannig virðist jafnvægi vera að komast á í dagvöruverslun og hún smám saman að ná sér á strik eftir langvarandi samdráttarskeið,“ segir í umfjöllun Rannsóknasetursins.



**SJÓNVÖRP** Raftækjasala hafði í febrúar aukist um 24,5 prósent á einu ári, um leið og verð lækkaði um 13,5 prósent. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sala áfengis dróst saman um 0,9 prósent í febrúar miðað við sama mánuð í fyrra á föstu verðlagi. Áfengisverð var 0,9 prósentum hærra en ári áður.

Þá dróst sala á fötum saman um 13,2 prósent milli ára, þegar búið er að leiðrétta fyrir árstíðabundnum þáttum. „Áhrif efnahagshrunsins 2008 hafði ekki eins fljótt áhrif á fataverslun eins og aðrar tegundir sérverslana. Samdráttur í fataverslun hófst ekki af alvöru fyrr en um mitt árið 2010,“ segir í tilkynningu Rannsóknasetursins. **- óká**

Vildi milljón í bætur:

# Ríkið sýknað af skaðabótakröfu

**DÓMSMÁL Íslenska ríkið hefur verið sýknað í héraðsdómi Reykjavíkur af skaðabótakröfu manns sem taldi sig hafa sætt ólögmætri handtöku og gæsluvarðhaldi.**

**Málið kom upp í kjölfar þess að í september 2008 fannst fannst maður látinn í íbúð sinni í Reykjavík. Sá sem höfðaði málið hafði setið að sumbli með honum og var hann handtekinn í kjölfarið. Sætti hann tveggja vikna fangelsi vegna rannsóknar á dauðsfallinu. Málið á hendur honum var síðan fellt niður. Maðurinn krafðist einnar milljónar í bætur en krafan taldist vera fyrnd.** **- jss**

Tæpur mánuður í kosningar:

# Samtök gegn Icesave stofnuð

**ICESAVE** Hópur fólks, sem telur að hallað hafi á sjónarmið gegn Icesave-lögunum, hefur stofnað samtök.

Samtökin kallast ADVICE og segir í tilkynningu að þau muni leggja sig fram um að upplýsa um helstu rök gegn lögunum. Kosið verður um þau 9. apríl. Í tilkynningunni kemur enn fremur fram að 15 manna hópur með ólíkar stjórnmálaskoðanir standi að samtökunum en hann er sammála um að farsælast sé fyrir Íslendinga að hafna Icesave-lögunum.

## Vaðlaheiðargöng




**VAÐLAHEIÐI** Göngin undir Vaðlaheiði eiga að vera 7,5 kílómetrar og stytta leiðina úr Eyjafirði yfir í Fnjóskadal, og þar með hringveginn, um sextán kílómetra. Þau eiga að vera tilbúin í árslok 2014.

# Rukka í göng uns kostnaði er öllum náð

**Hreinn Haraldsson vegamálastjóri hafnar efasemdum FÍB um Vaðlaheiðargöng. Skattgreiðendur muni ekki þurfa borga fyrir göngin. Veggjald verði innheimt við göngin þar til þau verði að fullu greidd.**



**HREINN HARALDSSON**

**SAMGÖNGUR** „Ef ekki tekst að greiða göngin niður á þeim 25 árum sem lagt er upp með verður veggjaldið einfaldlega rukkað lengur,“ segir Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, sem hafnar efasemdum Félags íslenskra bifreiðaeigenda vegna fyrirhugaðra jarðganga undir Vaðlaheiði.

FÍB telur að kostnaður við Vaðlaheiðargöng verði að minnsta kosti fjórum milljörðum króna hærri en þeir 10,4 milljarðar sem gert er ráð fyrir. Reiknað sé með allt of lágum vöxtum. Umferð um göngin verði minni en spáð sé og dýrara veggjald þurfi en áætlað er. Mannvirkið muni ekki standa undir sér og kostnaðurinn lenda á skattgreiðendum, sem þannig verði af öðrum brýnni samgöngumannvirkjum.

„Þeir hefðu vel getað leitað sér betri upplýsinga. Ég held að þeir hafi hvorki forsendur til að reikna kostnað né hverng gangi að borga hann til baka. Jarðgöng sem hafa verið byggð síðustu tíu til tuttugu árin hafa verið á sérstakri fjárveitingu hjá ríkinu en ekki verið tekin af mörkuðum tekjum teljum til vegmála,“ segir ,“ segir Hreinn Haraldsson um útreikninga og athugasemdir FÍB.

Þá telur vegamálastjóri ekki rétt hjá FÍB að veggjaldið þurfi að vera minnst 1.100 krónur en ekki um 800 krónur eins áætlanir segja til um. Það sama gildi um vextina af fjármagnskostnaðinum sem áætlaðir eru um 3 prósent en FÍB telur að verði mun hærri. „FÍB er að rugla þessu saman við einhverja áhættuvexti. Þetta eru ríkistryggð skuldabréf sem verða boðin út og eru án áhættu og með allra lægstu vöxtum,“ segir Hreinn.

FÍB telur að vegna veggjaldsins muni margir velja að aka um Víkurskarð í stað þess að borga í göngin. Hreinn segir rétt að ef gjaldið verði verulega hærra en það sem menn spari þá velji þeir heiðina. Hins vegar sé um að ræða sextán kílómetra styttingu. FÍB sjálft reikni kostnað á hvern ekinn kílómetra sem 60 krónur og samkvæmt því spari menn 960 krónur á móti veggjaldinu.

„Það er alveg sama hvað FÍB segir, veggjaldið verður lægra en þúsund krónur,“ segir Hreinn, sem kveður FÍB-menn á villigötum. „Ég heyri að félagsmenn þeirra út á landi eru almennt ekki mjög sáttir og finnst þeir ekki vera að spila réttan leik í þessu. Það er hægt að vera svartsýnn og bjartsýnn. Þeir sem unnið hafa að þessu hafa reynt að hafa fæturna á jörðinni og ekki verið með neinar bjartsýnisspár,“ segir vegamálastjóri. **gar@frettabladid.is**



Ojos de brujo
á Listahátíð í Hörpu, 27. maí

Misstu ekki af spennandi tónlistarkokteil frá Katalóníu þar sem rúmba, hiphop og flamenco blandast í iðandi fjöri.

Sérstakt tilboðsverð
2.900 kr.
fyrir viðskiptavini MP banka í mars.
Almennt verð 3.900 kr.

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is

Fíton/SÍA

Félagsfundur VR

Félagsfundur VR verður haldinn á Hilton Nordica Hótel í dag þriðjudaginn 15. mars kl. 19:30.

Dagskrá:
1. Kynning frambjóðenda til trúnaðarstarfa fyrir félagið.
2. Fyrirspurnir og umræður.

Félagsmenn hvattir til að mæta.

Virðing Réttlæti VR

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS




## Sjálfskiptur eða beinskiptur – hvað hentar þér best?




**Suzuki Alto beinskiptur**
Verð kr. 1.790.000
Eyðsla 4,4 L/100 km
$CO_2$ 103g/km




**Suzuki Alto sjálfskiptur**
Verð kr. 2.040.000
Eyðsla 5,2 L/100 km
$CO_2$ 122g/km

## FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

## TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

Hugtök Markaðsráðgjöf Feb. 2011

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS



**UPPBLÁSINN SKRIÐDREKI** Starfsmaður rússneska einkafyrirtækisins Rusbal stendur þarna við uppblásinn skriðdreka, eitt fjölmargra uppblásinna hernaðartækja sem fyrirtækið hefur framleitt til að blekkja hugsanlega andstæðinga viðskiptavina sinna. NORDICPHOTOS/AFP


25% AF ÖLLUM JOHN FRIEDA VÖRUM



Reykjavíkur Apótek
Seljavegi 2 - Sími: 511 3340
www.reykjavikurapotek.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.


# Repjurækt borgar sig

**N1 hyggst stofna til samstarfs við bændur á ræktun repju til að blanda við dísilolíu. Útreikningar fyrirtækisins sýna að framkvæmdirnar ættu að reynast arðsamar. Bændur í A-Skaftafellssýslu fara af stað með tilraunir um alla sýsluna.**

**LANDBÚNAÐUR** Olíufyrirtækið N1 hefur lagt tugi milljóna króna í tilraunaverkefni í ræktun á repju. Verkefnið hefur staðið yfir í meira en þrjú ár.

Allir útreikningar sem hafa verið gerðir á vegum fyrirtækisins benda til þess að repjuræktun skili arði inn í fyrirtækið og mögulegt sé að rækta um 15 til 20 þúsund tonn af repju á ári hér á landi. Áætlanir liggja fyrir um að reisa lífdíselverksmiðju í húsnæði N1 á Hvolsvelli. Endanlegar ákvarðanir verða teknar með sumrinu. Talið er að verkefnin í heild muni kosta N1 á bilinu 300 til 500 milljónir króna.

Hermann Guðmundsson, forstjóri N1, segir niðurstöður verkefnisins benda til þess að repjurækt sé vel möguleg á landinu öllu. Þó komi Eyjafjörður og Suðurlandið best út. Háskólinn í Reykjavík reiknaði út fyrir N1 mögulega arðsemi þess að reisa lífdíselverksmiðju á Suðurlandi.

„Þær niðurstöður liggja fyrir og svo eru fleiri verkefni sem við höfum kostað sem hafa leitt fram slíkt hið sama,“ segir Hermann. „Þetta verður að minnsta kosti arðbært á meðan olíuverð er svona hátt.“

Fyrirtækið hyggst nú leita undirtekta hjá bændum til þess að skoða hversu mikið land þeir vilji leggja undir ræktunina. Hermann kveðst hafa heyrt um verkefni bænda í A-Skaftafellssýslu sem ætla að fara af stað með tilraunarækt á repju og nepju til olíuframleiðslu.

Ræktunarfélag Austur-Skaftfellinga hefur fengið styrk frá Sveitarfélaginu Hornafirði upp á 2,5 milljónir króna fyrir verkefnið. Ræktunin á að fara fram í öllum sveitum sýslunnar.

Hermann segist ætla að fylgjast með verkefni bændanna og þykir ekki ólíklegt að einhvers konar samstarf muni eiga sér stað í framtíðinni. Málið fari í formlegra ferli með vorinu og þá verði vitað hvort nauðsynlegu umfangi verði náð með ræktun á landinu öllu.

sunna@frettabladid.is



**REPJURÆKT Í SKOTLANDI** Repjurækt er algeng víða í Evrópu og Norðurlöndunum. Olía úr fræjunum er notuð í eldsneyti, matargerð og fleira. NORDICPHOTOS/GETTY

## Repja – *Brassica rapus*

- Repja er harðger jurt sem blómstar skærgulum blómum. Plantan er í sömu ætt og sinnepsplöntur. Byrjað var að nýta olíu úr fræjunum á síðustu öld og um aldamótin var hún í þriðja sæti yfir mest notuðu grænmetisolíur í heimi.
- Samkvæmt Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO) eru framleidd um 40 milljón tonn af repjuolíu á ári hverju. Hlutfall próteins í repju er mjög hátt, á milli 30 og 40 prósent, og er hún því mikið notuð í landbúnað. Einnig er framleitt lífefnaeldsneyti úr fræjunum. Repja er ræktuð í flestum löndum Evrópu, Kanada, Bandaríkjunum, Ástralíu, Kína og Indlandi.
- Olía úr repju og nepju er meðal annars notuð í matreiðslu, smurolíu, sápur, bragðefni og lífefnaeldsneyti. Hratið sem eftir verður úr fræjunum eftir að olían hefur verið pressuð úr þeim er afar prótínríkt og er því afbragðs búbót fyrir bændur.
- Samkvæmt alþjóðlegum staðli er mælt með því að blanda af repjuolíu út í annað eldsneyti í kringum fimm prósent sé hættulaus fyrir alla bíla. Hermann segir að þó séu ennþá einstaka bílar sem ekki mega keyra á blöndunni. „Við munum fara varlega í þetta vegna þess að okkar dælur eiga að henta fyrir allan almenning og við munum ekki bjóða upp á annað eldsneyti en það sem mun henta öllum bílum,“ segir hann.

Menntun er yndisaukandi:

## Þjóðin ánægð með tilveruna

**KÖNNUN** Nær allir Íslendingar segjast vera ánægðir með lífið, eða 99%.

Þar af eru 63% mjög ánægð en 36% frekar ánægð. Þetta kemur fram í könnun sem Capacent gerði fyrir Evrópusambandið.

Nám virðist auka ánægjuna, því 77% þeirra sem enn eru í námi segjast mjög ánægð með lífið og 61% þeirra sem luku námi eftir 16 ára afmælið. Minnihluti þeirra sem hætti í námi fyrir 16 ára aldur er ánægður með lífið, eða 46%.

Þá er ánægjulegt að búa með öðru fólki og að fjárhagsstaðan sé sæmileg. - kóþ

Nýr framkvæmdastjóri:

## Belinda ráðin til Fulbright

**ATVINNULÍF Belinda Theriault hefur verið ráðin í starf framkvæmdastjóra Fulbright-stofnunarinnar á Íslandi.**



BELINDA THERIAULT

**Belinda er með meistarapróf í alþjóðasamskiptum og MBA í stjórnun og viðskiptafræði.**

**Í tilkynningu segir að hún hafi starfað á vettvangi alþjóðlegs samstarfs í yfir tvo áratugi, meðal annars sem forstöðumaður alþjóðasviðs Alþingis í níu ár. Belinda hefur jafnframt starfað hjá EFTA og Fjármálaeftirlitinu og sem sjálfstæður ráðgjafi.** - þj




## HAGKAUP EFNIR TIL

# PRJÓNASAMKEPPNI

## ÚR ÍSLENSKUM LOPA



Keppt er í tveimur flokkum:

**FLOKKUR 1** Fatnaður
*(Herrapeysa, dömupeysa, barnapeysa, dömukjóll, barnakjóll)*

**FLOKKUR 2** Fylgihlutir
*(Húfa, vettlingar, sokkar, trefill, sjal, taska)*

**ATHUGIÐ: Uppskrift má ekki hafa birst áður á prenti**

**VERÐLAUN Í FLOKKI 1**
1. sæti: Gjafabréf frá Hagkaup að upphæð 50 þús.
2. sæti: Gjafabréf frá Hagkaup að upphæð 30 þús.
3. sæti: Gjafabréf frá Hagkaup að upphæð 20 þús.

**VERÐLAUN Í FLOKKI 2**
1. sæti: Gjafabréf frá Hagkaup að upphæð 20 þús.
2. sæti: Gjafabréf frá Hagkaup að upphæð 15 þús.
3. sæti: Gjafabréf frá Hagkaup að upphæð 10 þús.

***Glaðningur frá Ístex fylgir öllum verðlaunum***

Aukaverðlaun í boði fyrir frumlegustu keppnisvöruna.

**SÍÐASTI SKILADAGUR ER 31. MARS.**
Skila skal verki innpökkuðu og merktu með dulnefni.
Rétt nafn, heimilisfang og símanúmer skal fylgja með í lokuðu umslagi merktu dulnefninu.
Skilastaður: Skrifstofa Hagkaups, Holtagörðum, 104 Reykjavík, sími 563 5000.

**SÍÐASTI SKILADAGUR ER 31. MARS.**

Hagkaup áskilur sér rétt til útgáfu valinna uppskrifta í samráði við hönnuð.

24 Hagkaup
**OPIÐ**
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Samkeppnislögin eru skýr og einföld:

## Straff

*10. gr. Allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað eru bannaðar.*
*11. gr. Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu er bönnuð.*
*12. gr. Samtökum fyrirtækja er óheimilt að ákveða samkeppnishömlur eða hvetja til hindrana sem bannaðar eru samkvæmt lögum þessum eða brjóta í bága við ákvarðanir skv. 16. - 18. gr.*

Samkeppnislögin eru ósköp skýr eins og sést á ofangreindum þremur greinum þeirra. Og markmiðið einfalt. Þeim er ætlað að efla virka samkeppni í viðskiptum og vinna þar með að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins, eins og segir í fyrstu grein laganna.


SKOÐUN



Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is


Ætla mætti að allir sæmilega gerðir menn teldu þetta sjálfsagt. Að sanngjarnt væri að stórfyrirtæki þyrftu að lúta ströngum leikreglum sem vernduðu almenning og aðra fyrir bolabrögðum. Að eðlilegt væri að þau mættu ekki skipta kökunni á milli sín. Að samkeppni þyrfti að fá að þrífast og ný fyrirtæki væru ekki blokkeruð út af markaðnum.

En þannig er það ekki. Samkeppnislögin eru furðu oft brotin. Og lögbrjótarnir eru – eðli málsins samkvæmt – stóru fyrirtækin. Eða öllu heldur stjórnendur þeirra, hvort heldur er stjórnarmenn eða framkvæmdastjórar.

Samkeppnislagabrot komust tvisvar í sviðsljósið í síðustu viku. Fyrst vegna meints samráðs á byggingavörumarkaði og svo þegar málsskjöl úr umsvifamiklu samráðsmáli stóru kortafyrirtækjanna voru opinberuð. Þau skjöl bera vott um rotið hugarfar þeirra sem þar voru við stjórnvölinn.

Munum: „Delete að lestri loknum."

Allt er þetta á kostnað viðskiptavinanna. Fyrst þegar samráð er haft og aftur þegar greiða þarf sektir er upp kemst um athæfið.

Það voru auðvitað viðskiptavinir kortafyrirtækjanna sem borguðu 735 milljóna króna sektina sem þau sömdu um við Samkeppniseftirlitið að greiða fyrir brot sín. Það er galli á lögunum. Meginrefsing vegna brota á samkeppnislögum ætti að beinast gegn því fólki sem um vélar. Fyrsti kostur ætti að vera að banna brotamönnum að starfa á samkeppnismarkaði í tiltekinn tíma. Neytendur þyrftu þá ekki að óttast þá sömu menn um skeið. Sú aðferð er einnig líkleg til að hafa fælingarmátt. Eitt er að þurfa að punga út peningum, annað að mega ekki vinna.

Saga samkeppnisbrota hefur kennt okkur ýmislegt. Eitt er að þegar forstjórar segjast fagna samkeppni þá meina þeir hið gagnstæða. Annað er að þeim mun meira undrandi sem menn þykjast vera þegar Samkeppniseftirlitið kemur til húsleitar, því meiri líkur eru á sekt þeirra. Þriðja er að þegar efast er um hæfi forstjóra Samkeppniseftirlitsins til að rækja starf sitt þá er fokið í öll skjól.


FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871



Konfúsíusarstofnunin Norðurljós sýnir heimildamyndina:

Nü shu
úr heimildarmyndaröðinni "China Screen" (2006)

Askja, st. 132,
fimmtudagur 17. mars 2011
kl. 17:30-18:30

Huan Yiyang er síðasta konan sem les og skrifar nü shu (kvenritun). Hún segir frá viðleitni sinni, og kynsystra, til þess að rísa gegn hefðbundnu karlræði.



Öllum opið
Aðgangur ókeypis!

北极光孔子学院
KONFÚSÍUSARSTOFNUNIN NORÐURLJÓS
Kínversk fræði við HÁSKÓLA ÍSLANDS
konfusius@hi.is | www.konfusius.hi.is


## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Heimsmet

Innanríkiráðherra upplýsti á þingi í gær að hvorki fleiri né færri en 216 manns hefðu réttarstöðu sakbornings í rannsóknum sérstaks saksóknara. Eins og allir vita rannsakar hann eingöngu lögbrot sem tengjast bankahruninu. Engu að síður liggur formlega um eitt prómill af sakhæfum Íslendingum undir grun hjá embættinu um að eiga þátt í lögbrotum. Það hlýtur að vera heimsmet.



### Sótt í smiðju Homers

Lilja Mósesdóttir vill skipta um nafn á krónunni, eins og frægt er orðið. Hún hefur kannski fengið hugmyndina frá Homer Simpson, sem eitt sinn fáraðist yfir ósanngirninni í garð illgresis. „Það heitir bara slæmu nafni, það er allt og sumt," sagði Homer. „Allir myndu elska það ef það bæri sætt nafn, eins og, öö, álfagras." Það er margt til í því.

### Mörður og blöðin

Mörður Árnason hefur nú fengið svör við fyrirspurnum sínum til allra ráðuneyta um blaðakaup þeirra. Úr þeim geta menn eflaust lesið nokkurn veginn það sem þeir vilja. Samanlagt kaupa ráðuneytin og undirstofnanir þeirra blöð fyrir 25 milljónir á ári. Einhverjum finnst það kannski mikið. Öðrum kannski ekki. Stóra spurningin er hvað Mörður ætlaðist fyrir með þessum leiðangri. Ætlaði hann að varpa hulunni af hneyksli? Skyldi hann þá hafa fundið það? Eða var hann bara forvitinn? Vill hann kannski setja lög um blaðakaup ráðuneyta? Mörður hlýtur að ljóstra þessu upp í umræðum í þinginu á næstunni. Við getum varla annað en hlakkað til.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# ESB sem afvötnun?

Ísland og ESB




Eygló Harðardóttir
þingmaður Framsóknarflokksins


Í nýlegri grein heldur Magnús Orri Schram, varaformaður viðskiptanefndar, áfram áróðri Samfylkingarinnar um að eina leiðin til að ná tökum á íslenskum efnahag og afnema verðtrygginguna sé að ganga í Evrópusambandið. Þannig virðist aðild Íslands að ESB fyrst og fremst vera hugsuð á efnahagslegum nótum.

ESB var á sínum tíma stofnað til að tryggja frið og frelsi í Evrópu eftir hamfarir tveggja heimsstyrjalda. Leiðin að því markmiði var víðtæk pólitísk samvinna, meðal annars, en ekki aðeins á sviði efnahagsmála. Helsti árangur ESB er einmitt friður og þar með velmegun í Evrópu. Því er það óásættanlegt að jafn merkilegt ríkjasamstarf og ESB skuli eiga að verða einhvers konar afvötnunarstöð fyrir íslenskt efnahagslíf, ef marka má málflutning aðildarsinna. Það er jafnframt óraunsætt.

Reynsla hinna ýmsu aðildarríkja hefur sýnt og sannað að aðild að ESB tryggir ekki efnahagslegan stöðugleika og velsæld. Lykilatriðið er og verður efnahagsstjórnun hvers lands. Embættismenn frá Brussel geta ekki þakkað sér velgengni Svíþjóðar og Þýskalands né axlað ábyrgðina á efnahagshruni Írlands og Grikklands. Þá ábyrgð bera Svíar, Þjóðverjar, Írar og Grikkir með stjórnun sinni á innlendum efnahagsmálum.

Evra eða króna tryggir ekki ábyrga stefnu í peningamálum eða fjármálum ríkisins, né ábyrga stefnu í rekstri fyrirtækja og heimila. Allt hagkerfið þarf að spila saman og allir þurfa að bera ábyrgð á efnahagsstjórninni. Ekki bara stjórnvöld og Seðlabankinn og svo sannarlega ekki Evrópusambandið.

Upptaka evru myndi gera ábyrga efnahagsstjórnun enn brýnni. Reynslan hefur sýnt að þá er hætta á auknu innflæði fjármagns, aukinni skuldsetningu heimila og fyrirtækja og eignabólum, og aðlögun að þrengri kosti er erfiðari með evru og fastgengi. Því tel ég nauðsynlegt að skilja á milli aðildar og upptöku evru. Það er ekkert sjálfsagt við það að taka upp evru, heldur þarf þjóðin að meta kosti hennar og galla burtséð frá aðild. Aðildin má ekki vera einhvers konar inngönguskilyrði að evrunni. Með því er helsti kostur aðildar hunsaður, þ.e.a.s. möguleikar okkar til að koma að borðinu þar sem ákvarðanir eru teknar í framkvæmdastjórninni, Evrópuþinginu og ráðherraráðunum.

Það er löngu tímabært að Íslendingar ræði aðild að ESB sem þátttöku fullvalda þjóðar í samstarfi Evrópuþjóða, en ekki sem þynnkumeðal við heimabrugguðum vandræðum.


FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Lán eða ólán

**Í DAG**



Jónína Michaelsdóttir
Blaðamaður

Lífið er skrýtinn skóli og skemmtilegur, en líka flókinn og erfiður þegar því er að skipta. Eitt af því sem lífið kennir er að við getum aldrei vitað hvort það sem hendir okkur er lán eða ólán, þegar til lengri tíma er litið. Óvænt áfall getur snúist upp í að vera það besta sem komið gat fyrir viðkomandi, rétt eins og upphefð, auður og vinsældir geta horfið á einni nóttu og breyst í andhverfu sína. Þeir sem fljúga hæst koma oft harðast niður. En þá er að vinna úr því. Lífið heldur áfram.

Ég man eftir karlmanni sem var í góðri stöðu og naut sín mjög vel í því hlutverki. Þegar honum var sagt upp störfum kom það honum í opna skjöldu. Tilveran hrundi. Vegna þess hvað hann var vel þekktur í viðskiptalífinu gat hann ekki hugsað sér að ganga milli manna og sækja um vinnu. Eftir nokkurn tíma afréð hann því að stofna fyrirtæki sjálfur. Slíkt hafði ekki hvarflað að honum áður. En þessi uppsögn reyndist lán í óláni, því að fyrirtækið óx og dafnaði og maðurinn nýtur sín sem aldrei fyrr.

Líka eru dæmi um það að fólk sem veikist alvarlega, er jafnvel við dauðans dyr en nær sér aftur, nýtur þess að vera til með allt öðrum hætti en áður. Lifir mun auðugra lífi. Tekur ekki fyrir sjálfsagðan hlut að vakna heilbrigt á morgnana, ekki heldur að eiga góða fjölskyldu og vini. Sér náttúruna og umhverfið nýjum augum og þakkar fyrir hvern dag. Vitundin er næmari, og betra að vera til. Veikindin voru því ekki endilega ólán þegar upp var staðið.

**Dagur eftir þennan dag**

Hamingjutinda tilverunnar er yfirleitt ekki að finna í auði og völdum, þó að til séu þeir sem þrá ekkert heitar. Flestir vilja búa við efnahagslegt og tilfinningalegt öryggi.

Öðrum nægir það ekki.

Hjónaskilnaðir hafa aukist til mikilla muna á síðustu áratugum. Það sem áður var undantekning er nú sjálfsagður valkostur. Hamingjusama parið sem fagnaði giftingu sinni í skartklæðum með vinum og ættingjum horfði björtum augum á framtíðina. Sú framtíð verður kannski fáein ár. Oftar en ekki er ákvörðun um skilnað tekin af öðrum aðilanum, sem tilkynnir maka sínum að partíið sé búið. Og makinn fær áfall. Vissi ekki betur en þau væru saman á leið inn í framtíðina. Sá sem vill skilja er gjarnan búinn að ganga með það lengi í huganum og búinn að stilla sig inn á breyttar aðstæður, meðan makinn er alveg grunlaus um að eitthvað sé að. Auðvitað er enginn hjónaskilnaður eins. Stundum er gott samkomulag og hjónin á einu máli um að þetta sé rétta leiðin, en hitt er ótrúlega algengt. Botnlaus óvirðing. Oftast sprottin úr vanhæfni í mannlegum samskiptum.

En það kemur dagur eftir þennan dag. Ég þekki þó nokkuð marga sem hrundu niður eftir slíkan skilnað, en hafa náð vopnum sínum og vel það. Og ég hef heyrt fleiri en einn segja, hálfundrandi sjálfir: Ég hefði aldrei haft frumkvæði að skilnaði, en ég finn núna að þetta er það besta sem hefur komið fyrir mig!

> Hamingjutinda tilverunnar er yfirleitt ekki að finna í auði og völdum, þó að til séu þeir sem þrá ekkert heitar.

**Hendingu háð**

Þó að íslensk þjóð hafi ekki góða reynslu af vinstri stjórnum gegnum tíðina, þá fannst manni rökrétt að slík stjórn sýndi hvað hún gæti eftir langa setu hægri manna í ríkisstjórn. Það væri hollt fyrir alla aðila. Þjóðin þekkti Jóhönnu og Steingrím, og maður taldi sig vita hvers mætti vænta af þeim og þeirra fólki. Þá vissi ég ekki að þetta væri sérvitringasöfnuður. Ekki heldur að stjórnunin yrði hendingu háð.

En ég veit það núna. Og þjóðin öll.

**AF NETINU**

## Bull dagsins

Þær verða ekki gáfulegri eftir því sem þeim fjölgar, örsendingar lögfræðinganna sjö í Fréttablaðið. Sú nýjasta er efnislega á þá lund að í útlöndum sé fólk ekkert að spá í Icesave-málið, það hafi um annað að hugsa og málið rati ekki á forsíður dagblaða. En Icesave-skaðinn snýst ekki um það sem almenningur í útlöndum er að hugsa frá degi til dags. Álitshnekkirinn út af Icesave stafar af því hvernig Ísland kemur fyrir í augum lánastofnana, fjárfesta og stjórnmálamanna. Stjórnvöld hér hafa margoft lýst yfir ábyrgð sinni í málinu og vilja til að semja um greiðslur. Þegar samkomulag er gert er það síðan fellt í þjóðaratkvæðagreiðslu. Íslendingar koma fyrir eins og þeir vilji ekki standa við gerða samninga. Fólk sem starfar við eitthvað uppbyggilegt í þessu samfélagi vill fá þetta mál út úr heiminum. Þrátt fyrir áróðurinn eru þær upplýsingar farnar að síast inn að kostnaðurinn af samningnum verði hugsanlega enginn og í versta falli það lítill að almenningur mun ekki verða hans var í framtíðinni. Og málið út úr heiminum.
Verði samningurinn felldur veit enginn hvað þetta mál á eftir að hanga lengi yfir okkur og hvað það á eftir að kosta okkur á endanum.

dv.is/blogg/agust-borgthor. **Ágúst Borgþór Sverrisson**

# Allir þekktu fyrirvarann

**Icesave**

Sjö hæstaréttarlögmenn
skrifa um Icesave-lögin

Af hverju tala sumir þannig að við verðum að samþykkja Icesave-lögin vegna þess að fyrirsvarsmenn þjóðarinnar hafi gefið Bretum og Hollendingum vilyrði fyrir því að við myndum greiða, meðal annars með því að gera þrívegis við þá samninga um það efni? Þetta er rökleysa.

Andstæðingar okkar í málinu hafa allan tímann vitað að þessi vilyrði og samningstextar voru háð fyrirvara um að lagaheimild fengist hér innanlands fyrir þessu. Þeir gátu því ekki gert ráð fyrir að kröfur þeirra kæmust í höfn, þó að íslenskir fulltrúar skrifuðu undir samninga. Fellum Icesave-lögin.

*Brynjar Níelsson hrl.*
*Björgvin Þorsteinsson hrl.*
*Haukur Örn Birgisson hrl.*
*Jón Jónsson hrl.*
*Reimar Pétursson hrl.*
*Tómas Jónsson hrl.*
*Þorsteinn Einarsson hrl.*



Ferðaskrifstofa Leyfishafi Ferðamálastofu
NORRÆNA FERÐASKRIFSTOFAN
STANGARHYL 1 · 110 REYKJAVIK · SÍMI: 570 8600 · FAX: 552 9450
NETFANG: INFO@SMYRIL-LINE.IS · HEIMASÍÐA: WWW.NORRÆNA.IS



# Erum við í sama liði?

Öldrunarþjónusta

Kristín Á. Guðmundsdóttir
formaður Sjúkraliðafélags Íslands

Í Fréttablaðinu sl. fimmtudag var grein eftir Pétur Magnússon, forstjóra Hrafnistuheimilanna. Þar gerir hann að umtalsefni viðtal við undirritaða sem birtist í sama blaði fyrir skemmstu. Ég verð að viðurkenna að mér urðu viðbrögð forstjórans nokkur vonbrigði, mér fannst þau einkennast af orðhengilshætti og útúrsnúningum. Mér er fullljóst að elli- og hjúkrunarheimilin eiga í vök að verjast vegna endurtekinna krafna velferðarráðuneytisins um niðurskurð. Vonbrigði mín eru að ég hef litið svo á að við værum í sama liði og bæri að snúa bökum saman með tilliti til hagsmuna starfsmanna heimilanna og þeirra sem þar búa.

Ítrekað hafa birst greinar og viðtöl við forsvarsmenn öldrunar- og hjúkrunarheimila þ.á m. forstjóra Hrafnistu sem ber sig að vonum illa undan þessum mikla niðurskurði og kröfum sem lagðar eru á herðar stjórnenda heimilisins um sparnað. Um það segir hann m.a.: „Rekstur öldrunarheimila er erfiður um þessar mundir vegna mikils niðurskurðar á framlögum frá hinu opinbera. Á Hrafnistu er svo komið að þrátt fyrir rekstur á þúsundum fermetra húsnæðis, þar sem búa og starfa tæplega tvö þúsund manns, er launakostnaður um 80 prósent rekstrarkostnaðar.“

Mér sem formanni Sjúkraliðafélags Íslands er fullkunnugt um að starfsmenn Hrafnistu gera allt sem er í þeirra valdi, til að skila verkum sínum með fullri sæmd. Hinsvegar hefur það verið að koma betur og betur í ljós að ekki er hægt að ganga endalaust á þrek og velvilja fólks. Því er það ljóst að á endanum lætur eitthvað undan.

Vandamál Hrafnistu eru þau sömu og aðrar heilbrigðisstofnanir

> Elli- og hjúkrunarheimilin eiga í vök að verjast vegna endurtekinna krafna velferðarráðuneytisins um niðurskurð.

standa frammi fyrir og eiga þau af þeim sökum alla mína samúð. Það er hinsvegar algjör þversögn í því að bera sig upp undan slæmu ástandi og því hvernig niðurskurðurinn bitni á stofnuninni og neita í sama orðinu að það hafi eitthvað að segja varðandi mönnunina og gæði þjónustunnar. Samkvæmt upplýsingum af sameiginlegum fundi SLFÍ og Verkalýðsfélagsins Hlífar með starfsmönnum vistheimilisins er ástandið slæmt og ekkert ofsagt í þeim málum. Ljóst er að ástandið á einungis eftir að versna verði ekkert að gert.

# Íslenskt atvinnulíf verður að eflast

Atvinnumál

Svana Helen Björnsdóttir
verkfræðingur og forstjóri Stika

Efnahagsástand og lífskjör fólks á Íslandi geta því aðeins batnað að atvinnumál séu í lagi. Ef fyrirtæki landsins ganga vel, geta boðið fólki störf við hæfi og góð laun, þá er allt annað í lagi. Þá snúast hjól þjóðlífsins. Fólk og fyrirtæki greiða þá skatta sem nægja til að reka sómasamlegt velferðar- og menntakerfi er stenst samanburð við þau lönd sem við kjósum helst að bera okkur saman við.

Nýlegar upplýsingar um útflutning frá Íslandi sýna að hugverkaiðnaðurinn aflar nú um fjórðungs allra gjaldeyristekna íslensku þjóðarinnar. Inni í þessum tölum er útflutningur hátækni- og sprotafyrirtækja sem byggja á þekkingarfrekum iðnaði. Þetta eru atvinnugreinar sem eiga sér mikla vaxtarmöguleika. Öðru máli gegnir um sjávarútveg og landbúnað sem áfram hafa þýðingu en flestir virðast sammála um að geti vart vaxið meira að öllu óbreyttu.

### Hvað þarf til að útflutningur vaxi?

Íslenskt atvinnulíf nær ekki fullum þrótti og kemst ekki upp úr öldudalnum nema fyrirtæki sem þess þurfa eigi möguleika á að fá erlenda fjárfesta til þátttöku í fyrirtækjunum. Þetta er afar brýnt fyrir hátæknifyrirtækin sem þurfa að fjármagna rannsóknar- og þróunarstarf í 8-15 ár áður en markaðs- og sölustarf ber árangur og eiginlegur vöxtur hefst. Sá vöxtur er þá oft ótrúlega hraður. Erlendir fagfjárfestar fjármagna ekki aðeins vöruþróun heldur, það sem enn meira máli skiptir, ryðja þeir einnig braut fyrir útflutning íslenskrar vöru, þekkingar eða þjónustu á erlenda markaði með samböndum sínum.

Lífskjör í landi okkar verða einungis tryggð með því að við að sköpum vel launuð störf til langframa. Því þurfum við fyrirtæki sem bjóða fólki slík störf. Fyrirtæki með starfsemi sem samræmist langtímasjónarmiðum okkar, t.d. um nýtingu auðlinda og sjálfbærni.

### Hvað hindrar erlendar fjárfestingar á Íslandi?

Erlendir fjárfestar verða að sjá sér hag í því að festa fé sitt í íslenskum iðnaði og fyrirtækjum. Undanfarin ár eru aðeins örfá dæmi um að erlendir fjárfestar hafi fjárfest í íslenskum fyrirtækjum. Þessi dæmi eru svo fá að þau má telja á fingrum annarrar handar. Það er því full ástæða til að velta fyrir sér þeirri mikilvægu spurningu: Hvað hindrar erlendar fjárfestingar á Íslandi?

Það sem helst hindrar erlendar fjárfestingar á Íslandi er eftirfarandi:

- Bankar og fjármálakerfi njóta ekki trausts. Gerðu það ekki fyrir hrun 2008 og enn síður nú.
- Löggjafinn nýtur hvorki virðingar né trausts. Fjárfestar óttast gerræðisleg inngrip ekki að ástæðulausu.
- Opinberar stofnanir njóta ekki trausts. Dæmi eru um að erlendir fjárfestar fái misvísandi skilaboð frá stjórnvöldum. Þeir geta vænst þess að lög séu túlkuð á frjálslegan hátt og steinar séu lagðir í götu þeirra á lokametrum lykil-ákvarðana, jafnvel eftir að verulegt fé hefur verið lagt í undirbúning.
- Óstöðugt efnahagslíf fælir erlenda fjárfesta frá íslenskum fyrirtækjum; það eru ekki ný sannindi og þarf ekki að koma neinum á óvart.
- Íslenska krónan er ekki aðeins veikur gjaldmiðill heldur einnig mjög óstöðugur. Krónan hefur á liðnum árum verið til mikilla vandræða fyrir útflutningsfyrirtæki, þótt stundum sé vísað til þess að sjálfstæður gjaldmiðill hafi komið sér vel t.d. andspænis sveiflum í sjávarútvegi.
- Gjaldeyrishöft sem leidd voru í lög á einni nóttu 2008 eru mikil hindrun. Ekki er fyrirséð að haftalögin verði afnumin í bráð. Þau torvelda að fjárfestar geti losað fjármuni sína t.d. arð af fjárfestingum sínum og flutt frá Íslandi, eins og hlýtur þó að teljast eðlileg og sjálfsögð krafa.
- Vöntun á framtíðarsýn gerir það að verkum að algert stefnuleysi ríkir á mörgum sviðum. Stjórnvöld hafa þó nýverið lagt fram drög að atvinnustefnu sem hluta af svokallaðri Sóknaráætlun til ársins 2020. Þeirri stefnu þarf að framfylgja og marka einnig menntastefnu sem styður við atvinnustefnuna.
- Stjórnkerfi landsins mismunar atvinnugreinum herfilega, t.d. með núverandi skipulagi ráðuneyta atvinnuveganna. Straumlínulaga þarf stjórnkerfið og endurskoða hlutverk ráðuneyta og stofnana sem hafa með atvinnumál að gera. Fylgja þarf atvinnustefnu og tryggja að opinberum fjármunum sé varið með arðbærum og markvissum hætti, m.a. til nýsköpunar.

Hér á landi vantar hefðir og skilning á því að uppbygging traustra fyrirtækja tekur mannsaldra. Þýskaland er dæmi um land sem hefur í marga mannsaldra byggt upp iðnveldi sem að mestu leyti felst í litlum og meðalstórum fyrirtækjum, dreifðum um allt landið. Þýskaland er langt frá því að vera stærsta eða fjölmennasta land í heimi, en Þjóðverjar eru samt ein mesta útflutningsþjóð heims.

### Áfram nú!

Ef okkur Íslendingum á að takast að komast upp úr þeim förum sem við nú erum föst í, þarf margt að breytast. Skapi stjórnvöld heilbrigt rekstrarumhverfi fyrir fyrirtæki hér á landi munu fyrirtækin sjálf finna leiðir til vaxtar og útflutnings. Þau eru best til þess fallin sjálf að greina og nýta samkeppnisforskot sitt á erlendum mörkuðum. Þátttaka erlendra fjárfesta getur ráðið þar úrslitum.

Atvinnulífið verður að eflast. Áfram nú!

Er þitt barn okkar barn?

OKKAR Framtíð er ný og kærkomin trygging sem snýst um „efin“ í lífi barna okkar og ungmenna og fjárhag þeirra á fullorðinsárum. Allar upplýsingar eru á vefsetrinu okkar.is og þar er unnt að ganga frá tryggingarkaupum með einföldum hætti.

okkar Framtíð fyrir „efin“ í lífinu og fjárhag fullorðinsáranna



okkar

zebra

LYFJA – Lífið heil

www.lyfja.is



+15% afsláttur* á öllum stærðum af Nicorette Fruitmint. Dæmi: 2 mg, 210 stk. Áður: 4.975 kr. Nú: 4.229 kr.

*gildir út mars 2011.

Lægra verð í Lyfju

ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 53839 02/11

FÁ FJÖLBRAUTASKÓLINN VIÐ ÁRMÚLA

Verið velkomin á opið hús í Fjölbrautaskólanum við Ármúla að Ármúla 12

Fimmtudaginn 17. mars Kl. 17 – 19

OPIÐ HÚS



Námsframboð, inntökuskilyrði og félagslíf skólans verður kynnt.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

m.visir.is Fáðu Vísi í símann!

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. visir.is



**Vatnsdrykkja** er lykilatriði þegar kemur að heilsunni en til að auka hana má gera eftirfarandi: Geyma flösku af vatni í ísskápnum til að tryggja stöðugan aðgang að köldu vatni. Hafa könnu af vatni á skrifborðinu. Bæta sítrónusneið eða frosnum berjum í vatnið til að gera það girnilegra.



FRÉTTABLAÐIÐ
Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

Eirberg
BAUERFEIND
Betri blóðrás - bætt líðan
Þrýstingssokkar fyrirbyggja og meðhöndla:
• Bjúg
• Æðahnúta
• Blóðrásarvandamál
• Þreytu og þyngsl í fótleggjum
Bjóðum gott úrval vandaðra þrýstingssokka. Fagleg ráðgjöf og mælingar
Opið virka daga kl. 9 -18 og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál
Sölustaðir:
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

ÞÆGILEGIR & LÉTTIR
LÆKKAÐ VERÐ
Light Step
Stærðir 35-42
Verð kr. 11.545.-
xena
Grensásvegur 8 og Nýbýlavegur 12 - Sími 517 2040
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

**Suðurafríski sjókayakræðarinn Riaan Manser leggur á næstu dögum af stað í róður umhverfis landið.**



MYND/RIAAN MANSER

# Glímir við íslensk hafsvæði í vetrarham

Ég vona að þessi ferð eigi eftir að vera lærdómsrík, þótt ég reyndar efist um að takast nokkurn tímann aftur á við ævintýri af þessari stærðargráðu,“ segir Riaan Manser, suðurafrískur sjókajakræðari, sem er á leið hingað í þeim tilgangi að róa umhverfis landið.

Manser hefur tekist á við ýmsar ævintýralegar aðstæður; hjólaði til að mynda fyrstur manna hring um alla Afríku árið 2005 og varð svo fyrstur til að róa umhverfis Madagaskar. Hann hefur þó ekki tekið sér fyrir hendur leiðangur af þessu tagi og kveðst hlakka mikið til að glíma við íslensk hafsvæði í vetrarham, enda ekki margir sem hafa reynt það áður.

„Ísland er alveg einstakt land. Ég heimsótti það og Grænland í fyrra og var upp frá því staðráðinn í að snúa aftur og róa í kringum það, fá tækifæri til að virkilega upplifa töfra þess,“ segir Manser, sem hefur lesið sér til um íslenska staðarhætti og veðráttu til að vera sem best undirbúinn fyrir leiðangurinn sem hefst 18. mars.

Manser leggur þó ekki frá landi einn síns liðs því með í för verður erlent tökulið sem hyggst gera heimildarmynd um ferðalagið. „Með verður líka félagi minn, Daniel Skinstad, sem glímir við heilalömun og myndin okkar, Iceland Inspiration, kemur til með að varpa ljósi á hans ferðalag ekki síður en mitt og verður vonandi fólki um allan heim hvatning til afreka. Ferðin snýst frekar um það en ekki að slá einhver met,“ útskýrir Manser, sem stefnir á að ljúka leiðangrinum í júlí gangi allt að óskum. *roald@frettabladid.is*

Stuðnings stöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999
Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir iðjuþjálfara, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.
• Auðveld í uppsetningu.
• Engar skrúfur eða boltar.
• Tjakkast milli lofts og gólfs.
• Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gifsloft og mikla lofthæð.
Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is
• Margir aukahlutir í boði.
• Falleg og nútímanleg hönnun.
• Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
• Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.
Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

**Streita er hvimleiður fylgifiskur** nútímans en fyrsta skrefið í því að sigrast á henni er að láta af stjórnsemi. Það er til dæmis erfitt að stjórna því hvernig aðrar manneskjur haga lífi sínu og því fyrr sem fólk áttar sig á því, þeim mun fyrr hverfa áhyggjurnar.





Sinn er siður í landi hverju. Í Finnlandi skellir fólk sér í ískalt vatn eftir heitt sánabað til að koma blóðinu á hreyfingu og segir það gera kraftaverk fyrir útlitið. Á Englandi setja menn kælda tepoka á augnlokin til að koma í veg fyrir bauga og í Póllandi hafa konur frá ómunatíð borið hunang á varirnar til að fá í þær mýkt og raka.

Heimild: brudurin.is

# Notkun svefnlyfja eykst enn

**Notkun kvíðastillandi lyfja og svefnlyfja er áberandi meðal eldra fólks á Íslandi og fer vaxandi. Notkun þessara lyfja hefur löngum verið meiri hér en á hinum Norðurlöndunum þar sem hún fer minnkandi.**



Notkun svefnlyfja ætti að vera tímabundin en reyndin er önnur.

Notkun tauga- og geðlyfja er mikil á Íslandi og er notkun kvíðastillandi lyfja og svefnlyfja sem heyra undir þau sérstaklega áberandi á meðal eldra fólks. Tauga- og geðlyf eru mest seldu lyfin á Íslandi á eftir hjartalyfjum. „Árið 2009 seldust rúmir 43 þúsund skilgreindir dagskammtar af hjartalyfjum eða 370 skilgreindir dagskammtar á hverja þúsund íbúa á dag. Sama ár seldust rúmir 37 þúsund skilgreindir dagskammtar af tauga- og geðlyfjum eða 319 skilgreindir dagskammtar á hverja þúsund íbúa á dag,“ upplýsir Mímir Arnórsson lyfjafræðingur hjá Lyfjastofnun.

Í rannsókn á algengi geðlyfjanotkunar eldri Íslendinga utan stofnana sem var gerð árið 2006 kom í ljós að einstaklingar 70 ára og eldri leystu út þriðjung allra lyfjaávísana á Íslandi árið 2006 og þar af var fjórðungur geðlyf. Algengust var notkun kvíðastillandi lyfja og svefnlyfja eða 58,5 prósent á meðal karla og 40,3 prósent á meðal kvenna. Ekkert bendir til þess að notkun þessara lyfja fari minnkandi og ef svefnlyfin eru skoðuð sérstaklega kemur í ljós að árið 2007 seldust 70,52 skilgreindir dagskammtar af svefnlyfjum fyrir hverja þúsund íbúa á dag en árið 2009 voru þeir 72,74.



Mímir Arnórsson

Á sama tíma hefur notkun svefnlyfja dregist saman í nágrannalöndunum. „Danir fóru í mikið átak til að minnka notkun svefnlyfja en aðal hvatinn var sá að óbeinn kostnaður af notkun þeirra er mikill og þá sérstaklega hjá gömlu fólki. Lyfin valda því að fólk verður valt á fótunum og oft hljótast af því beinbrot sem kosta heilbrigðiskerfið mikla fjármuni enda líkur á því að gömul manneskja sem dettur og lærbrotnar verði föst inni á sjúkrastofnun í langan tíma,“ segir Mímir. Hann bendir á að svefnlyf séu að fullu greidd af notendum og að því sé ekki beint hagræði fyrir ríkið að draga úr notkun þeirra. „Hins vegar mætti velta fyrir sér hver óbeini kostnaðurinn sé.“

Sé notkun kvíðastillandi lyfja og svefnlyfja borin saman við notkun í Danmörku kemur í ljós að hún er tvöfalt meiri hér á landi og um 30 prósentum meiri en í Finnlandi svo dæmi séu nefnd. En hver er skýringin? „Þetta virðist vera lenska hjá okkur og svona hefur þetta verið svo lengi sem ég man en ég hef verið í faginu í fjörutíu ár,“ segir Mímir.

En hver skyldu langtímaáhrif svefnlyfjanotkunar vera? Aðalsteinn Guðmundsson öldrunarlæknir var inntur eftir því: „Svefnlyf geta meðal annars aukið byltuhættu, dregið úr vitrænni getu og einbeitingu og eru vanabindandi, sérstaklega ef um langvarandi notkun er að ræða. Það má þó ekki gera lítið úr þeim áhrifum sem vítahringur svefntruflana getur haft á lífsgæði einstaklinga en við meðferð svefntruflana er þó mikilvægt að greina orsakir vandans, enda ýmis önnur ráð svo sem breytingar á lífstíl eða venjum sem geta hjálpað eða dregið úr þörf fyrir svefnlyf.“ Aðalsteinn segir yfirleitt mælt með því að notkun svefnlyfja sé tímabundin og í lægstu mögulegu skömmtum en reyndin sé þó önnur. „Verkun þeirra minnkar þegar líður á meðferð og viðkomandi verður háður lyfinu. Þá getur verið erfitt að venja fólk af notkun svefnlyfja og ýmis fráhvarfseinkenni geta komið fram.“ *vera@frettabladid.is*


**Kynning**



Hot 'n' Sweet salat með kjúkling og guacamole.



Burritos er á hópamatseðlinum.



Quesadillas eru grilluð og skorin í sneiðar.

# Veislumatur á góðu verði

Á veitingahúsinu Culiacan, við Suðurlandsbraut 4a, er ýmislegt góðgæti á matseðlinum. Staðurinn sérhæfir sig í heilsusamlegum mat á mexíkóska vísu. Hægt er að velja um marga rétti en vinsælast er burrito, quesadillas og tostada. Réttirnir eru gerðir jafnóðum og því alltaf ferskir og nákvæmlega eins og kúnninn vill hafa þá. Á Culiacan eru sósur og salsa alltaf gerð frá grunni og því laus við óæskileg aukaefni. Guacamole er lagað úr ferskum avócadó og kryddjurtum daglega. Lögð er áhersla á fyrsta flokks hráefni og er allur maturinn mjög fitusnauður og að sjálfsögðu án MSG og transfitu.

Culiacan tekur líka pantanir fyrir hópa og veislur. Hægt er að fá partýplatta sem eru fyrir 3-4 en fyrir 10 manns eða fleiri er svokallaður hópamatseðill mjög vinsæll. Þá er vinsælustu réttunum blandað saman og þeir afgreiddir í kössum tilbúnir til framreiðslu. „Fólk hefur verið að taka þetta í fermingar og ýmislegt annað. Verðið er mjög sanngjarnt eða kr. 1.390 á manninn. Í þessu eru blandaðir réttir og svo fylgja nachos-flögur og sósur með. Þetta er eflaust ódýrasti kosturinn í svona mat í dag. Við náum að stilla verðinu í hóf því þetta eru allt hlutir sem eru á matseðlinum okkar og við afgreiðum þá í ódýrum umbúðum. Fólk getur svo raðað sjálft á fín föt og diska ef það vill,“ segir Sólveig Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri Culiacan. Gott er að panta fyrir veislur með að minnsta kosti dags fyrirvara í síma 533 1033.




Culiacan er við Suðurlandsbraut 4a.



Culiacan tekur við pöntunum fyrir hópa og veislur.

# GULL & ÚRSMIÐIR

Sérblað • Þriðjudagur 15. mars 2011 • Kynning



Leonard-verslanirnar bjóða upp á úrval af innlendum og erlendum vörumerkjum. Andri Pétur Sævarsson er verslunarstjóri í Kringlunni. MYND/VALLI




Fjórða Leonard-verslunin opnar í Lækjargötu 2 í sumar. MYND/STEFÁN

# Ný verslun á stórafmæli

**Leonard-verslanirnar fagna 20 ára afmæli á árinu og í sumar verður fjórða Leonard-verslunin opnuð í nýju húsnæði í Lækjargötu 2.**

Fyrsta Leonard-verslunin var stofnuð 21. júlí 1991 og var í byrjun staðsett í Borgarkringlunni en fluttist í Kringluna nokkrum árum síðar. Leonard-verslanirnar eru nú þrjár talsins, í Kringlunni, Smáralind og í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Í sumar bætist fjórða verslunin við í Lækjargötu 2 en framkvæmdum við húsið lýkur á vormánuðum. Um sögufrægt hús er að ræða og mun útlit verslunarinnar taka mið af sögu þess. Stefnt er að því að opna verslunina í byrjun júní.

**NÝJAR LÍNUR FRÁ SIF OG SIGN**

Mikið verður lagt upp úr íslenskri hönnun í nýrri verslun Leonard í Lækjargötu og nýjar skartgripalínur frá íslenskum hönnuðum verða kynntar við opnun verslunarinnar. Línurnar eru hannaðar með tilvísun í íslenska náttúru, hver á sinn hátt.

**FLÓRA ÍSLANDS TIL STYRKTAR BÖRNUM**

Síðastliðin þrjú ár hefur verslunin Leonard, í samstarfi við Sif Jakobs skartgripahönnuð og Eggert Pétursson listmálara, hannað skartgripi byggða á Flóru Íslands. Skartgripirnir eru seldir til styrktar hjartveikum, blindum og sykursjúkum börnum. Fyrsta árið var línan Hjartarfi kynnt til sögunnar, næst kom Blálilja og í fyrra var það Sóldögg. Í lok ársins verður kynntur nýr skartgripur í Flóru Íslands línunni.



Sif Jakobsdóttir og Sævar Jónsson hjá skartgripaversluninni Leonard.

- Konukvöld verður haldið í Smáralind á morgun, miðvikudag. Af því tilefni býður Leonard upp á 20% afslátt af skarti frá Sif Jakobs það kvöld.
- Nýjasta úramerki Leonard eru tískuúr frá Nixon sem notið hafa mikilla vinsælda erlendis.

**ÚRVAL VÖRUMERKJA**

Frá opnun verslunarinnar fyrir 20 árum hefur það verið metnaður eiganda að bjóða upp á úrval af gæðavörumerkjum bæði innlendum og erlendum. Af því sem er í boði í dag má nefna íslenskt skart frá Sif Jakobs, Sign, Aurum, Hendrikku Waage og Made by 3 sem kom nýtt inn á síðasta ári. Frá upphafi hefur verslunin boðið vörur frá Tag Heuer, Breitling, Gucci, Bvlgari, Cartier, Omega og Guess. Síðastliðin ár hafa svo bæst við vörur frá framleiðendum á borð við DKNY, Nixon, IWC, Hublot og Armani.

**AFSLÁTTUR Á AFMÆLISÁRI**

Í tilefni af 20 ára afmælinu verða afmælistilboð í gangi í verslunum Leonard á árinu. Tilboðin verða auglýst nánar á vefsíðu verslunarinnar, leonard.is.





Ofurfyrirsætan Kate Moss hefur hannað töluvert fyrir TopShop. Síðasta framlag hennar fyrir keðjuna var skart og fleiri fylgihlutir.

Jennifer Lopez hefur haslað sér völl í heimi tískunnar með skartgripalínu, eyrnalokkum, armböndum og fleiru.

Leikkonan Kate Bosworth og stílistinn Cher Coulter hafa verið vinkonur um nokkurt skeið. Síðla árs 2010 settu stöllurnar á markað nýja skartgripalínu, JewelMint, fyrir vor og sumar 2011, en hún samanstendur meðal annars af löngum eyrnalokkum, hálsfestum og stórum hringum.



„Hún er fyrir stelpur á öllum aldri, frá þrettán ára og upp úr," lét Lily Allen hafa eftir sér þegar hún kynnti eigin skartgripalínu til sögunnar. Línan er lífleg og skemmtileg á að líta og því svo sannarlega í anda tónlistarkonunnar hæfileikaríku.

# Stjörnu-stáss

Sífellt bætist í hóp Hollywood-stjarna sem reyna fyrir sér í tískuhönnun með misjafnri útkomu, enda nægir aðdáendum víst ekki lengur að bera þær augum á hvíta tjaldinu heldur vilja ganga lengra með því að líta út og jafnvel lykta eins og átrúnaðargoðin sín.



Sean „Puff Daddy" Combes hefur sett á markað fatnað, skart, úr og fylgihluti undir merkjunum Bad Boy Sportswear, Sean John, Sean John Accessories og Sean John Tailored.






# Uppsteyt hjá Jens

**Jens ehf. er rótgróið fjölskyldufyrirtæki sem starfað hefur í hálfa öld. Þriðja kynslóð fjölskyldunnar hefur breikkað og bætt við vörulínu Jens og stefnir meðal annars á erlendan markað með skartgripalínuna Uppsteyt.**



Berglind Snorra, gullsmiður og vöruhönnuður, er þriðja kynslóð innan fjölskyldufyrirtækisins Jens ehf. MYND/GVA

„Við höfum þróað okkar eigin stíl hjá Jens og erum þekktust fyrir hrjúfa áferð og íslenska steina í skartgripum," útskýrir Berglind Snorra, gullsmiður og vöruhönnuður hjá Jens. „Þetta kemur Íslendingum ekkert á óvart en útlendingunum finnst þetta merkilegt og spennandi og við höfum þróað sérstaklega vörulínu fyrir erlendan markað sem heitir Uppsteyt."

Skartgripalínan Uppsteyt er nú seld í London og Manchester og nýtur einnig mikilla vinsælda hér á landi.

Skartgripir eru þó ekki það eina sem Jens gullsmiðir leggja fyrir sig en í nokkur ár hefur lína af gjafavörum úr stáli og íslenskum steinum verið hönnuð og framleidd hjá Jens. „Þetta er orðin nokkuð breið lína gjafavara í dag, allt frá sultuskeiðum, tertuspöðum og ostahnífum upp í skálar, skóhorn og fleira," segir Berglind en von er á brúðargjafalista með gjafavörunum frá Jens með vorinu.

„Fólk nýtir þessar vörur einnig mikið í gjafir til vina erlendis vegna íslensku steinanna, en munirnir eru framleiddir úr eðalstáli sem heldur sér alltaf skínandi fínt."

Sjálf er Berglind þriðja kynslóð innan fjölskyldufyrirtækisins og byrjaði að vinna þar fimmtán ára. Hún er menntaður gullsmiður en útskrifaðist einnig úr húsgagna- og vöruhönnun frá Englandi árið 2007. Þegar heim var komið bætti hún við vöruúrval Jens.

„Mér finnst mjög gaman að blanda saman skartgripahönnun og vöruhönnun. Við erum að hanna vörur eins og ljós, borð, kertastjaka og plötustanda og einnig milliveggi sem henta bæði fyrir heimili og fyrirtæki, svo Jens er orðið sannkallað hönnunarhús."



Hringur úr línunni uppsteyt



Hálsmen úr línunni Uppsteyt

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@365.is s. 512 5432.



„Við erum alltaf með puttann á púlsinum og fylgjumst vel með stefnum og straumum," segir Hákon. MYND/VALLI

# Jón&Óskar fagna 40 ára afmælinu

**Í ár hugsar fyrirtækið Jón&Óskar, sem er alhliða úra- og skartgripaverslun, stórt þar sem fyrirtækið á hvorki meira né minna en fjörutíu ára afmæli.**



Gullsmiðirnir Jóhannes Ottósson og Páll Sveinsson sáttir að störfum á verkstæðinu.

„Verslunin var stofnuð árið 1971 en eigendur og stofnendur fyrirtækisins eru Jón Sigurjónsson gullsmíðameistari og Óskar Óskarsson úrsmíðameistari. Hún var fyrst til húsa að Laugavegi 70 í fimmtíu fermetra niðurgröfnu rými en þeir Jón og Óskar fluttu síðan verslunina til austurs í húsið við hliðina. Það var svo árið 1995 sem verslunin flutti í nýtt og glæsilegt húsnæði að Laugavegi 61 og varð þar með að einni stærstu úra- og skartgripaverslun landsins," segir Hákon Ísfeld Jónsson framkvæmdastjóri, sem er einmitt sonur Jóns Sigurjónssonar. „Á síðustu þremur árum höfum við opnað tvær nýjar verslanir, aðra í Kringlunni og hina í Smáralind." Hákon segir að frumkvöðlarnir Jón og Óskar starfi enn við fyrirtækið og taki fullan þátt í þróun þess og rekstri.

En hver skyldi lykillinn að velgengni Jóns&Óskars vera? „Ég held að það sé gott vöruúrval, bæði í skartgripum og úrum, en auk þess framúrskarandi þjónusta. Við erum alltaf með puttann á púlsinum og fylgjumst vel með stefnum og straumum." Jón&Óskar starfrækja eitt stærsta gullsmíðaverkstæði á landinu. „Þar starfa fimm gullsmiðir að handverki og hönnun. Við sérsmíðum bæði trúlofunar- og giftingarhringi auk þess sem við vinnum mikið með demantsskartgripi. Það er oft vandasamt og þeir eru ekki margir á landinu sem hafa aflað sér þeirrar þekkingar sem við höfum á demöntum," segir Hákon.

Það skal því engan undra að fólk komi aftur og aftur í verslanir Jóns&Óskars. „Styrkleiki fyrirtækisins liggur ekki síst í gerð trúlofunar- og giftingarhringja. Við erum með geysilega mikið úrval og vörur sem falla vel að smekk fólks. Við höfum einnig verið duglegir að koma með nýjungar, bæði innlendar eins og ICEcold-línuna í skartgripunum, og erlendar eins og dönsku Skagen-úrin sem hafa verið að slá í gegn erlendis. Við teljum okkur vera vel samkeppnishæfa varðandi verð og gæði. Við smíðum eftir pöntunum og getum jafnvel afgreitt þær samdægurs. Við höfum einnig í versluninni á Laugavegi sérstakt herbergi þar sem boðið er upp á notalega og góða aðstöðu til þess að skoða trúlofunar- og giftingarhringa í ró og næði."

Hákon segir enga eina línu vera í tísku í trúlofunar- og giftingarhringjum. „Það er eiginlega allt í tísku. Fólk getur því óhrætt valið það sem því finnst fallegt. Það er þó að færast í aukana að fólk kaupi fyrst demantshring sem trúlofunarhring og setji upp og kaupi síðan einbauga þegar kemur að brúðkaupinu."

Hægt er að skoða vörulínur fyrirtækisins á www.jonogoskar.is og á facebook undir Jón og Óskar.

# ICEcold klæðir konur



Stofnandinn, Jón Sigurjónsson, hjá Jóni og Óskari, er enn að hanna skartgripi. Nú hannar hann og þróar í samstarfi við Pál Sveinsson gullsmið guðdómlega línu fyrir konur.

Fátt er jafn eigulegt og fallegur skartgripur. Fallegir skartgripir keyptir af sérstöku tilefni eða fengnir að gjöf hafa oft tilfinningalegt gildi. ICEcold-skartgripalínan er ný og spennandi skartgripalína sem Jón og Páll hafa hannað og þróað undanfarinn áratug. Línan er til bæði í gulli og silfri en leiðarljósið í línunni er ís og jöklar Íslands. Í Icecold-línunni er hægt að fá hálsmen, eyrnalokka og hringa en bæði mynstrið, umgjörðin og áferðin eru sérstök en sígild. Hönnuðir Icecold eru sífellt að koma fram með ný form, svo línan er mjög lifandi. Línan hentar jafnt yngri konum sem eldri þar sem hún er mjög fjölbreytt. „Merkið höfðar til breiðs hóps og það eru ekki síst erlendir ferðamenn sem hafa hrifist af ICEcold. Þeir hafa mikinn áhuga á Íslandi og langar að eiga fallegan grip sem hefur íslenska tilvísun og tengist Íslandi og náttúruöflunum. Þetta er vönduð hönnunarvara framleidd af gullsmíðameisturum," segir Hákon.












JÓ 40
JÓN & ÓSKAR
1971-2011



Hálsólin setur punktinn yfir i-ið í þessari múnderingu frá Giles Deacon, listrænum stjórnanda Emanuel Ungaro.



Tískulína Marc Jacobs fyrir Louis Vuitton tók mið af níunda áratugnum og þar mátti sjá þessi skemmtilegu eðalsteinaskreyttu armbönd.



Lína franska tískuhönnuðarins Christophe Lemaire fyrir Hermes einkenndist af skemmtilegri litanotkun, eins og sjá má á þessari mynd þar sem fyrirsætan skartar að auki fallegu opnu hálsmeni og eyrnalokkum í stíl.

NORDICPHOTOS/AFP



Þessi fyrirsæta minnti helst á ísprinsessu þar sem hún birtist í loðfirhöfn og með hálsfesti um hálsinn, allt saman úr smiðju Giambattista Valli.



Hönnun Söruh Burton fyrir Alexander McQueen mætti lýsa sem framúrstefnulegri og klassískri í senn.

# Eðalsteinar og annað skart

**Óhætt er að segja að öllu hafi verið tjaldað til í París þegar tískuhönnuðir sýndu þar línur sínar fyrir næsta haust og vetur. Ólíkum stefnum og stílbrigðum ægði saman, bæði klassískum og framúrstefnulegum fatnaði, skóm og skarti, svo úr varð skemmtilegur kokkteill. Hér eru nokkur sýnishorn.**




Silfurhringir frá 3.500 kr.

1925 GÞ SKARTGRIPIR &ÚR

Bankastræti 12 | 101 Reykjavík | Sími 551 4007
www.skartgripirogur.is




Feðgarnir Ólafur og Kristinn Þór gullsmiðir í GÞ skartgripir og úr í Bankastræti 12.

MYND/VALLI

## Það sem fólk leitar að

„Fólk sem búið er að fara í margar búðir finnur ávallt hér það sem það leitar að,“ segir Ólafur G. Jósefsson, gullsmiður í GÞ skartgripir og úr í Bankastræti 12. Sú verslun er ein sú rótgrónasta í bænum, búin að vera á sama stað síðan árið 1925, en hét í upphafi Guðmundur Þorsteinsson eftir gullsmiðnum sem stofnaði hana.

Núverandi eigendur GÞ skartgripa og úra eru tengdir frumkvöðlinum. Þeir eru auk Ólafs eiginkona hans, Anna María Markúsdóttir, og börn þeirra hjóna, Svandís Björk og Kristinn Þór, sem bæði eru gullsmiðir eins og faðirinn. „Við smíðum úr gulli, silfri, skreyttum eðalsteinum og íslensku hrauni og seljum líka vörur eftir aðra hönnuði, bæði innlenda og erlenda. Einnig tökum við að okkur viðgerðir og hreinsun, meðal annars á þjóðbúningasilfri,“ segir Ólafur. Hann telur líka upp þekkt úramerki eins og Raymond Weil, Tissot, Certina og Casio og nefnir vasaúr sem tilvalda fermingargjöf. En er fólk ekkert hætt að kaupa úr eftir að klukkur komu í alla síma og tölvur? „Nei, nei,“ svarar hann hress og tekur fram að Casio, fyrstu tölvuúrin sem sáust um 1980, séu komin aftur í sama formi og þyki flott.

Ólafur lærði gullsmíðakúnstina hjá Árna Höskuldssyni gullsmiði og byrjaði verslunarreksturinn árið 1973. Hann segir silfur vinsælt núna en gullverslun hafa aðeins dregist saman út af háu verði og minni fjárráðum hjá fólki. „Við erum með úrval af skírnargjöfum, fermingargjöfum og útskriftargjöfum, bæði fyrir herra og dömur,“ segir Ólafur og bendir á heimasíðuna: www.skartgripirogur.is

**● HÚSRÁÐ TIL AÐ HREINSA GULL OG SILFUR** Til að fá gull- og silfurskartgripi skínandi hreina eru ýmis húsráð til. Eftirfarandi ráð er að finna á vef Leiðbeiningastöðvar heimilanna, leidbeiningastod.is

Þegar hreinsa á skart úr gulli er einni matskeið af uppþvottalegi blandað saman við tvo desilítra af soðnu köldu vatni í glerskál. Skartgripirnir eru settir út í og látnir liggja í hálfa til eina klukkustund. Óhreinindin leysast þá upp út í vatnið en einnig er gott að bursta þá með mjúkum bursta. Skartið er því næst skolað með köldu vatni og fægt með mjúkum klút.

Þegar hreinsa á skart úr silfri eru tveir og hálfur desilítri af köldu vatni hitaðir í potti. Þá er teskeið af lyftidufti og teskeið af matarsóda hrært út í þar til blandan fer að rjúka en þá eru gripirnir settir út í og látnir liggja um stund. Því næst eru þeir fægðir með mjúkum klút.





**● SÍGILD GJÖF** Armbandsúrið stendur alltaf fyrir sínu sem falleg tækifærisgjöf og áratugum saman var hefð fyrir því að foreldrar gæfu börnum sínum úr í fermingargjöf. Það var haft í veglegri kantinum og keypt með það í huga að gjöfin entist, jafnvel fram á fullorðinsár.

Enn eru armbandsúr, vasaúr og aðrar klukkur vel við hæfi þegar vanda á valið.

**● NÁKOMINN NÆRRI HJARTASTAÐ** Myndanisti dúkka reglulega upp og síðustu misseri hafa þau átt talsverðum vinsældum að fagna og þá sérstaklega þau sem eru í síðari kantinum. Flest eru þannig að hægt er að opna þau og loka og setja eina til tvær myndir að eigin vali inn í. Margir velja mynd af sínum nánustu; maka, börnum, foreldrum eða látnum forfeðrum. Það veitir góða tilfinningu og vernd að hafa einhvern nákominn svo nærri hjartastað.



JS Watch co.

REYKJAVIK




www.jswatch.com / www.gilbert.is

GILBERT

ÚRSMIÐUR

Laugavegi 62 - sími: 551-4100

# Heitbundist með hring

**Trúlofunarhringir stjarnanna eru oftar en ekki af veglegri gerðinni, enda ekki síður ætlað að vekja athygli umheimsins en þeirra sem beðið er.**


Catherine Zeta-Jones og Michael Douglas hafa verið gift í að verða ellefu ár.

● Elizabeth Taylor er drottning trúlofunarhringa enda hefur hún alls staðið átta sinnum við altarið. Þriðji eiginmaður hennar, kvikmyndaframleiðandinn Michael Todd, er þó jafnan talinn vera sá sem Elizabeth jafnaði sig aldrei á en hann lést í flugslysi aðeins ári eftir að þau giftu sig. Frá honum fékk Taylor 30 karata smaragðsslípaðan demantshring.

● Sjálf lafði Camilla Bowles, eiginkona Karls Bretaprins, ber einnig slíka gerð demants, smaragðsslípaðan, á fingri, en þessi tegund þykir undirstrika dýpt demantsins og hreinleika hans. Á því sama ári og Camilla setti upp hringinn trúlofaðist svo Paris Hilton gríska milljarðamæringnum Paris Latsis og setti þá einnig upp hring af þeirri sömu tegund. Reyndar innsigluðu þau trúlofun sína með því að Hilton setti upp tvö stykki trúlofunarhringa. Parið sleit hins vegar trúlofun sinni aðeins fjórum mánuðum síðar.


Leikkonan Joan Collins trúlofaðist 32 árum yngri manni um síðustu aldamót. Þau eru gift enn þann dag í dag.

● Leikaraparið Catherine Zeta-Jones og Michael Douglas innsiglaði trúlofun sína með antíkdemantshring en hringurinn er með svokölluðum markgreifaslípuðum demanti. Hvernig sú slípun varð til er rakið til Sólkonungsins, Loðvíks XIV, sem er sagður hafa fyrirskipað upphaflega hvernig steinninn skyldi slípaður.

● Fleiri stjörnur hafa þegið trúlofunarhringa með antíksteinum í. Þannig fékk Joan Collins hjartalaga demantshring frá 19. öld þegar hún trúlofaðist eiginmanni sínum, leikhúsmanninum Percy Gibson, en þau giftu sig árið 2002. Gibson er 32 árum yngri en leikkonan og fimmti eiginmaður hennar. Þau endurnýjuðu heitin árið 2009.

● Þriggja steina trúlofunarhringar njóta ætíð vinsælda meðal stjarnanna. Steinarnir eiga þá að tákna fortíð, nútíð og framtíð parsins. Poppstjarnan Madonna setti upp slíkan hring þegar hún trúlofaðist fyrrverandi eiginmanni sínum, leikstjóranum Guy Ritchie, en þau skildu árið 2008 eftir átta ára hjónaband.





Perlur hafa verið nýttar í skartgripi um aldir.

**● PERLUR HALDA JAFNAN VINSÆLDUM SÍNUM** Perlur myndast þegar skeldýr húða sandkorn eða annan aðskotahlut sem festist innan í þeim. Þetta má lesa á vísindavef Háskóla Íslands. Í raun er þetta því varnarviðbragð skeldýrsins en efnið sem það húðar sandkornið með samanstendur af aragoníti og albuminoid sem finnst í ysta lagi skeljarinnar. Mörg ár tekur að mynda perluna og náttúrulegar perlur eru margbreytilegar að lögun og lit, allt frá skjannahvítum yfir í kolsvartar.

Perlur hafa verið nýttar í skargripi um aldir og hafa jafnan haldið vinsældum sínum þrátt fyrir tískusveiflur.

# Innblásið af *eldi & ís*

**Þar sem hraunið mætir hafinu í Hafnarfirðinum valdi Ingi sér stað fyrir vinnustofu sína. Við höfnina hannar hann skartgripi undir merkinu Sign og er innblásturinn fenginn úr hinum ýmsu táknum og náttúrunni í kring. Sérstök upplifun er fyrir fólk að kíkja inn og allir eru velkomnir.**





Ingi hannar undir merkinu Sign og sækir innblástur meðal annars í náttúruna.

### NÁTTÚRAN ALLT UM KRING

„Maður kemst ekki hjá því að verða fyrir áhrifum þegar maður er umkringdur íslenskri náttúru,“ segir Ingi, hönnuður Sign skartgripanna.

Silfurskart með fagurskreyttum litríkum sirkóníumsteinum er mest áberandi hjá Sign en einnig er hraun notað mikið. „Ég hef lagt upp með að hanna nokkrar skartgripalínur sem tengjast en eru þó ólíkar. Signs by Sign línan inniheldur mikið af táknum bæði trúarlegum og persónulegum, meðan línan Eldur og ís sækir sín form beint til eldvirkni og jökla landsins,“ segir Ingi. „Mystic-línan stendur svo fyrir það mjúka og hlýja í náttúru Íslands, á meðan Rock línan sækir sitt í það harða og kalda. Ég hef einnig alltaf verið heillaður af glamúr fyrri tíma og þeirri stemningu sem honum fylgdi, og hef haft það í huga í smíðunum.“

### SÉRSMÍÐAÐIR GRIPIR

Algengt er að Ingi sé beðinn um að sérsmíða og hanna skartgripi, bæði úr gulli og slifri.

„Fyrir mér er sérsmíði eitthvað sérstakt og persónulegt fyrir hvern og einn. Mér finnst gaman þegar fólk leitar til mín til að að hanna og smíða eitthvað sérstakt. Oft hefur fólk eitthvað ákveðið í huga, en svo eru aðrir með mjög óljósar hugmyndir. Þá er teiknimappan mín er aldrei langt undan,“ segir Ingi sem hefur teiknað mikið frá blautu barnsbeini. „Hugmyndirnar eru svo gripnar yfir skemmtilegu spjalli. Þetta er upplifun fyrir viðskiptavininn að sjá þróunina frá teikningu yfir í grip.“



Ingi hefur löngum farið sínar eigin leiðir og hefur haft gaman af að taka að sér hin ýmsu verkefni. „Til dæmis var ég beðinn um að hanna og smíða verðlaunagrip fyrir íþróttamann ársins undanfarin ár og er mjög þakklátur fyrir það, og einnig er það mikill heiður fyrir mig.“

### GULL EÐA SILFUR

„Mér finnst flott að blanda saman gulli og silfri og ekkert er að því að bera bæði silfur- og gullskart á sama tíma. En svo getur verið töff að gylla aðeins silfurskartgripi. Með því kemur ákveðinn hlýleiki í hlutina og annað yfirborð,“ segir Ingi.

Skartgripi frá Sign er ekki einungis hægt að fá á vinnustofunni í Hafnarfirðinum, heldur á fjölmörgum stöðum út um allt land. „Ég er mjög stoltur af því að geta boðið upp á skartgripi mína ekki bara hér í firðinum, heldur líka í Reykjavík, á Akranesi, Höfn í Hornafirði, Grindavík, Akureyri og á fleiri stöðum,“ segir Ingi og bendir á að allar upplýsingar um sölustaði, skartgripalínurnar og skartgripina sjálfa sé hægt að nálgast á www.sign.is.

**● SKART FYRIR KARLMENN** Íslenskur karlpeningur hefur tekið vel í skartgripi Sign. „Gripirnir eru úr slifri, eru grófgerðir og nota ég oft leður með. Þetta eru bæði hringar, hálsmenn og armbönd. Til dæmis hef ég gert nokkuð af breiðum silfurarmböndum sem lokað er með leðri. Einnig hafa silfurplötunarnar með hinum ýmsu táknum verið vinsælar,“ segir Ingi en táknin eru einmitt uppspretta nafnsins Sign.






**● ÁSTARORÐ GRAFIN Í GULL** Margir hafa það fyrir sið að láta grafa inn í giftingar- og trúlofunarhringa. Oft er um að ræða giftingardagsetninguna eða nafn makans. Eins er hægt að láta skrifa orð eða setningar sem eru parinu kærar. Jafnvel eru dæmi um að setning úr ástarljóði rati í hringinn eða brot úr fallegri orðsendingu sem hefur farið parinu á milli. Það má í raun skrifa hvað sem er og enginn þarf að vita, því auðvitað má aldrei taka hringinn af.

**●EKKI ER ALLT GULL SEM GLÓIR** Fáir málmar eru jafn eftirsóttir í heiminum og gull og þykjast menn jafnan hafa dottið í lukkupottinn ef þeir rekast á glóandi gullmola í jörðu. Ekki er þó allt gull sem glóir og hefur stundum reynst um glópagull að ræða. En hvað er glópagull?

Á vísindavef Háskóla Íslands segir að orðið glópagull sé notað um steindina járnkís, $FeS_2$, vegna þess að það „glóir eins og gull.“ Á íslensku er nafn steindarinnar brennisteinskís. Glópagullið finnst einkum með kvarsi í æðum, einnig í setbergi, steinkolum og myndbreyttu bergi en það fellur úr brennisteinsríkum vökvum í jarðhitakerfum og kringum kólnandi innskot.



**● GAMLAR GERSEMAR** Ein elsta gerð íslenskrar skartgripasmíði er víravirki sem hefur verið notuð frá miðöldum. Í fyrstu var víravirkisaðferðin mest notuð til skreytinga á húsgögnum og kirkjumunum en síðar varð hún stór liður í skreytingum á íslenska kvenbúningnum.

Sumir eru svo heppnir að eiga gamlar gersemar eins og þessa ermahnappa.



**● VERND GEGN ILLUM ÖNDUM** Smaragðar hafa verið notaðir til skrauts öldum saman, að minnsta kosti allt frá því um 2000 fyrir Krist þegar þeir voru unnir úr námum í Egyptalandi. Ýmis þjóðtrú hefur verið tengd þessum verðmætu skrautsteinum. Þannig hefur því meðal annars verið haldið fram að þeir geti verndað gegn flogaveiki og blóðkreppusótt, hjálpað konum í barnsnauð og haldið illum öndum í skefjum.







Að hláturinn lengi lífið eru gömul sannindi og ný, og alltaf bætist við þekking sem sýnir heilsubót góðs hláturs.

# Hlæðu hjartanlega til betri heilsu

**Góðar, hressilegar hláturrokur geta líka læknað sár.**

Vísindamenn við Háskólann í Leeds hafa komist að því að góð hjúkrun og einstaka hláturkast sé mun betri leið til lækninga sára en nýjasta tækni.

Bresk sjúkrahús hafa í auknum mæli notað lágskammta ómsjá við lækningu fleiðurs og lífseigra sára á fótum, en niðurstöður fimm ára rannsóknar á 337 sjúklingum sýndu að tæknin flýtti í engu fyrir bata. Þetta kemur fram í British Medical Journal.

„Lykill að lækningu sjúklinganna var örvun blóðstreymis upp eftir fótum og að hjarta, en besta leið til þess næst með teygjubindi og stuðningssokkum ásamt ráðlögðu mataræði og heilsurækt," segir prófessor Andrea Nelson sem stýrði rannsókninni.

„Þótt ótrúlegt megi virðast hjálpar það að hlæja hjartanlega líka mikið, því þegar hlegið er hressilega hreyfist þindin, sem leikur lykilhlutverk í heilbrigðu blóðflæði um líkamann."

Í rannsókninni var einblínt á hóp sjúklinga með sár sem greru illa og höfðu ekki gróið á hálfu ári eða lengur.

# Betri næring

**Í nýútkominni bók Kolbrúnar Björnsdóttur er að finna leið til að taka mataræðið í gegn frá grunni.**

Kolbrún grasalæknir gaf á dögunum út bókina Betri næring – betra líf en þar rekur hún hvernig meltingarkerfið virkar og hvernig er hægt að koma starfsemi þess í lag til frambúðar. Hún leggur upp heilunarferli í fjórum áföngum sem tryggir að meltingin haldist í góðu horfi og að næringarupptaka sé sem skyldi en það segir hún forsendu betra lífs. Hverjum áfanga fylgja uppskriftir úr smiðju Kolbrúnar og Sólveigar Eiríksdóttur (Sollu á Gló).

Ferlið tekur nokkra mánuði og er afar strangt í fyrstu enda er byrjað á því að hreinsa líkamann áður en hafist er handa við að byggja hann upp. Í fyrstu eru margar fæðutegundir teknar út en þeim er svo bætt við á ný á seinni stigum. Þá eru ýmsar jurtir notaðar til að styðja við ferlið.






Á leikjavefnum er að finna um 300 leiki og er hverjum og einum lýst nákvæmlega. Leikirnir eru flokkaðir í ýmsa flokka og má þar nefna hreyfileiki, orðaleiki, söngleiki, hópstyrkingarleiki, teikni- og litaleiki. Þeir eru sérstaklega hugsaðir fyrir skólastarf en geta allt eins gagnast uppalendum sem vilja brydda upp á skemmtilegheitum með börnunum sínum.

Heimild: leikjavefurinn.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir.is

nettoline
ELDHÚS-BAÐ-ÞVOTTAHÚS-FATASKÁPAR
25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM INNRÉTTINGUM OG 10% AÐ AUKI
SÉ GREITT Í EINU LAGI VIÐ PÖNTUN
friform.is
Mán. - föst. kl. 09-18
Laugardaga kl. 11-15
Fríform
Askalind 3 • 201 Kópavogur • Sími: 562 1500

STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 22. mars 2011
BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR
GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.



Grænt te er gert úr telaufi sem hefur verið þurrkað en svart te úr telaufum sem hafa verið látin gerjast og dökkna fyrir þurrkun. Í grænu tei er meira af næringarefnum.

heimild: heilsubot.is

Jafnvægi fyrir líkama og sál
heilsumeðferð · heilsuvörur · dekur · leikfimi



Tilboð grenningarmeðferð
HEILSU DREKINN
Kínversk heilsulind
Skeifunni 3j · Sími 553 8282 · www.heilsudrekinn.is

Enskuskóli Erlu Ara – enskafyriralla.is
Enska í Englandi fyrir 13-15 ára
2 kennsluvikur (19. 6.-2. 7) í Kent School of English
Íslenskir hópstjórar með í för allan tímann
Skráning í síma 891 7576 og erlaara@gmail.com



ÍSLENSKT HUNDANAMMI
gott í þjálfun og í leik
VINSÆL VARA




Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

Bleikur aada
Nýtt frá My Secret aada stelpur
Ætlaður fyrir aldur 7-13 ára




My Secret
aada

Í innihaldsefnum í þessu aada eru m.a:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Prótein | (g) 1,0 | Kolvetni | (g) 17 |
| Fita | (g) 0,67 | Trefjaefni | (g) 1,5 |
| C-vítamín | (mg) 4,8 | Kalk | (mg) 16 |
| Járn | (mg) 1,3 | Steinefni | (g) 0,06 |
| B6-vítamín | (mg) 0,10 | A-vítamín | (mcg) 9,4 |
| Magnesíum | (mg) 21 | Natríum | (mg) 3,9 |
| Kalíum | (mg) 167 | | |

**Foreldrar:**
hvetjum krakkana okkar til að borða hreinan og næringaríkan mat. Drekka næringaríka drykki með sem minnstu sykri og sætu-efnum. Hvetjum þá til að sneiða frá óþarfa aukaefnum s.s litar, bragð og gerviefnum.

**Í engifer eru:**
- Yfir 100 efnasambönd
- 12 andoxunarefni
- 17 efni sem þekkt eru fyrir sótthreinsandi eiginleika

Mango er mjög ríkt af vítamínum og Andoxunarefnum
Fæst nú í næstu verslun • www.mysecret.is

Engifer ehf – Digranesvegi 10
Kópavogi
Sími 527 2777
www.mysecret.is – info@mysecret.is




**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**MINIGRAFA**
tilvalinn í garðinn gröfum fyrir öllu. Staurabor - Fleygur Fast verð eða tímavinna. Uppl. í síma 771 9800.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

## Bókhald

Framtöl - bókhald- ársreikningar. Mikil reynsla - sanngjarnt verð. www.fob.is s. 517-3977

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Skattskýrslur, bókhald/VSK/Laun/ Stofn. fyrirtækja. Fagleg vinna á góðu verði. VikiVaki ehf, S: 6618750 vikivaki@hotmail.com

## Fjármál

Framtalsþj. fyrir einst. og félög. Einfalt framtal kr. 5.000. Framtalsþj. HR s. 6634141

## Málarar



**20% afsláttur á öllum**
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Eiríkur, S.777 6799.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




**Nýsmíði og viðhald**
**Tökum að okkur hverskonar viðhald og nýsmíði. T.D. þök, glugga, gler, utanhússklæðningar ásamt sumarhúsum og annari nýsmíði. Áratuga reynsla. S.K.E - Verk SF - S. 861 7749. Blikktak ehf. - S. 861 7733. bragimarunn@simnet.is**




**Óli smiður**
Tek að mér verkefni stór sem smá, úti sem inni, mikil reynsla og sanngjarnt verð. Óli smiður, sími 698 9608.

K.R.S. ELDON VERKTAKAR. Múrverk, viðg. og flísal. Vönduð vinna tilb./tímav. S. 899 4254

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 8216839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247.

GOOD MASSAGE WITH TWO OR FOUR HANDS 659 62 69

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

New whole body massage. S. 864 8449, Isabella.

NEW LUXURY MASSEGE IN DOWN TOWN ANY TIME 24/7. S. 869 8602.

**GOTT NUDD - KR. 4500**
TILBOÐ 2 SAMAN. Skrúbb, pottur, nudd og veitingar kr. 9900. DETOX-ÚTHR. Heilsumat og veitingar kr. 5500. DETOX 2 SAMAN heilsumat og veitingar kr. 9900. JB Heilsulind. S. 823 8280

## Spádómar




Býð uppá símaspá og ræð einnig drauma. Ekkert mínútugjald. Tímapantanir í S. 891 8727, Stella.

## Múrarar

Tökum að okkur Flotun, flísalögn, múrverk og húsaviðgerðir Magnús og Guðmundur símar 866-2477/698-8361.

## Rafvirkjun

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

**Skraddarinn á horninu er fluttur á Skúlagötu 26, 3. Hæð. (Lyfta)**

**Opið mán-fös frá 10-17. S. 552 5540 og 861 4380.**

## Önnur þjónusta



**Vorvörurnar eru komnar !**
Nýjar vörur og eldri vörur eru seldar með afslætti. Opið í dag 13-19. Greenhouse Rauðagerði 26.

# KEYPT & SELT

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is**

**í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til byggingа




## Verslun



**TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ**
stakar stærðir í A,B,C,D,DD,E,F,FF,G skálum á kr. 4.990,- Misty Laugavegi 178, s: 551 3366.







ERUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR. LÆGSTA VERÐ 290KR. GOTT VERÐ 390KR. HÆÐSTA VERÐ 690KR.



NÝJAR VÖRUR! Kjólar, skokkar, toppar og fl. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

ORKA/ÚTHALD= vellíðan, prófaðu HERBALIFE , UPPL./RÁÐGJÖF Svavar, gsm 6183909 :)

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Útilegubúnaður




Heimsins bestu kuldastígvél ? Hirzlan Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564-5040 www.hirzlan.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla. Kenni á Subaru Legacy árg. '07. Uppl. í s. 891 6055, Kristján.

## Námskeið




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til Leigu. ca 60 fm íbúð í Hátúni,RVK. Allt nýtt. Leiga 105 þús og 3 mánaða banka ábyrgð. Contact bjorgvin@igl.is eða Friðrik 892 4578.

Tvö skrifstofuherbergi C.a 17fm. Til leigu við (Árbær/hálsar). Óska eftir skrifborðsstólum. Upplýsingar gefur Halldór í síma 899 7230

35-40 fm einstaklingsíbúð með sérinngangi í 109 Rvk. Uppl. í s: 691 9191.

Til leigu 25fm stúdíó íbúð, nálægt miðbæ hfj. Uppl. í s. 660 6082.

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**
**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

Norwegian couple with a dog looking for a house/cabin to rent in Fludir area from March- long term rent. 863 4506-contact@icelandriverjet.is

## Atvinnuhúsnæði

Ca. 75fm iðnaðarhúsnæði með stórri innkeyrsluhurð í HFJ. Uppl. í s. 892 5309 e. kl. 16:00.

TIL LEIGU 280m2 Verslunar og skrifstofuhúsnæði á horni Grensásvegar og Miklubraut (Jarðhæð) Nánari upplýsingar veittar í síma:588 5523 Netfang: hreyfill@hreyfill.is

Iðnaðar-og lagerhúsnæði í Hafnarfirði til leigu. Ýmsar stærðir. S. 6601060, 8224200

## Geymsluhúsnæði

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

Geymsluhúsnæði til leigu á 105 svæðinu, 90fm hægt að fá smærri einingar. S: 897 3386.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun eða vinna lítið og hafa lítil laun. uppl í s 773 2100

Óskum eftir hressum einstaklingum í sölu og markaðsstörf. Starfið byggist á samvinnu. Miklir tekjumöguleikar. Uppl. 773 6099.

Netamann vantar til afleysingja á dragnotarbát uppl. 699 6519.

## Þjónusta



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**36** **LEIKKONAN EVA LONGORIA** er 36 ára.

*„Ég vil bónda. Ekki veiðimann. Veiðimenn drepa og láta sig hverfa. Bændur næra, græða upp og leyfa hlutunum að blómstra.“*



**MEÐ ÞÝSKUNA AÐ VOPNI** Sigurborg Jónsdóttir, þýsku- og frönskukennari, segir hátíðina í dag vera eins konar uppskeruhátíð þýskunnar og að Íslendingar þurfi enn mjög á þýskunni að halda, enda séu samskiptin við Evrópu alltaf að aukast og þýska besta vopnið til að komast inn í þýskt samfélag og menningu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

UPPSKERUHÁTÍÐ ÞÝSKUNNAR: VERÐUR Í IÐNÓ Í DAG

# Þjóðverjar miklir Íslandsvinir

Í boði Félags þýskukennara, þýskudeildar Háskóla Íslands og Þýska sendiráðsins fer fram viðamikil dagskrá í Iðnó í dag, undir yfirskriftinni „Af hverju þýska?“

Þeirri spurningu svarar Sigurborg Jónsdóttir þýsku- og frönskukennari við Borgarholtsskóla.

„Jú, því við þurfum á þýskunni að halda. Þýska nær inn á móðurmálsvæði yfir 100 milljón manna, auk allrar Austur-Evrópu sem enn lærir þýsku framyfir ensku. Þá einfaldar lífið til mikilla muna að tala þýsku, auk ensku, í öllu námi og starfi sem fram fer í Evrópu, svo sem viðskiptum, öllum menningartengslum og samskiptum manna,“ segir Sigurborg um aðalhvata þýskuhátíðarinnar sem nú er haldin í annað sinn.

„Þýska hefur átt undir högg að sækja eftir að spænska fór fram úr henni sem þriðja mál. Svo verður enn í nokkur ár, en þá mun fólk átta sig á að það þarf fleiri tungumála við. Opinber tungumál Evrópusambandsins eru enska og franska, flest okkar tengsl við aðrar þjóðir liggja um Evrópu og flestir ferðamenn hingað koma frá þýskumælandi löndum,“ segir Sigurborg. Hún bætir við að vegna skyldleika germanskra tungumála eigi Íslendingar auðvelt með að læra þýsku.

„Áhersla á málfræði þýskunnar hefur þó hrætt marga frá henni, en vel er hægt að pluma sig á þýsku þótt málfræðikunnáttu sé ábótavant. Stóri kostur þýskunnar er einmitt sá að þótt maður geri einhverjar vitleysur í setningamyndun er vel hægt að skilja mann,“ segir Sigurborg.

Á hátíðinni afhendir þýski sendiherrann verðlaun fyrir þýskuþraut og sýndar verða stuttmyndir úr samkeppni framhaldsskólanna. Þá verður þýskudeild HÍ með ferðagetraun þar sem Iceland Express gefur flugmiða til Berlínar og fram fara pallborðsumræður landsfrægra þátttakenda um reynslu af þýsku og samskiptum við þýskumælandi fólk á léttu nótunum.

„Unga fólkið þekkir sögu Þýskalands úr bókum og bíómyndum. Þess vegna viljum við sýna fram á að ungt fólk í Þýskalandi er ekkert frábrugðið íslenskum ungmennum; með sömu vonir og þrár, áhugamál og áhyggjur, þrátt fyrir afar sterka vitund um fortíðina. Þetta mun breytast hægt og bítandi og með tímanum mun þeim takast að vinna sig út úr þessu,“ segir Sigurborg.

Hún minnist á ósvikinn Íslandsáhuga Þjóðverja, sem enn er langstærsti hópur erlendra ferðamanna, auk enskumælandi þjóða, til Íslands á hverju ári.

„Þjóðverjar eru heillaðir af Íslandi vegna hreinnar náttúru landsins og þeirrar tilfinningar að hér geti þeir upplifað eitthvað einstakt og óútreiknanlegt. Þá eiga íslenskir listamenn á öllum sviðum upp á pallborðið hjá Þjóðverjum, enda margir á sviði hámenningar sem og poppmenningar sem flytja í lengri eða skemmri tíma til Þýskalands til að vinna að list sinni. Því skiptir miklu að geta tekið þátt í upplifun Þjóðverja hér heima og ytra, viðhaldið tengslum við þá og kannski aukið þau enn meir.“

Þýskuhátíðin í Iðnó er öllum opin og stendur frá klukkan 17 til 19 í dag.

**thordis@frettabladid.is**

---



*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma okkar,*

**Kristín Bárðardóttir**

frá Ísafirði, síðast til heimilis á Hjúkrunarheimilinu Eir, Grafarvogi,

lést laugardaginn 5. mars. Útförin verður gerð frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 17. mars kl. 15. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Bárður Hafsteinsson** — **Edda Gunnarsdóttir**
**Guðrún Kristjana Hafsteinsdóttir** — **Einar Pétursson**
**Ólafía Soffía Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar Gottskálkssonar**

frá Hvoli í Ölfusi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Áss Hveragerði fyrir áralanga alúð og góða umönnun og einnig starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurlands fyrir góða umönnun.

**Magnús Guðmundsson** — **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Lilja Guðmundsdóttir** — **Eggert Guðmundsson**
**Gróa Guðmundsdóttir**
**Gottskálk Guðmundsson** — **Sigurlaug Gréta Magnúsdóttir**
**Jóna Guðbjörg Torfadóttir** — **Sverrir Hafsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi Hörður Guðjónsson**

skipstjóri, Sóleyjarima 3, Reykjavík,

andaðist föstudaginn 11. mars á Hrafnistu í Hafnarfirði. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju þann 25. mars kl. 15.00.

**Guðlaug Dagmar Jónsdóttir**
**Eyrún Helgadóttir** — **Guðbrandur Jónatansson**
**Steinar Helgason** — **Elín Katla Elíasdóttir**
**Sævar Helgason** — **Sigríður Halldórsdóttir**
**G. Harpa Helgadóttir** — **Jónas Garðarsson**
**Berglind Helgadóttir** — **Baldvin Örn Berndsen**
**Arnar Þór Helgason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu minningu móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Ástu Þórbjargar Beck Þorvarðsson**

virðingu og okkur aðstandendum samúð við andlát hennar.

**Þorvarður Brynjólfsson** — **Dóra Skúladóttir**
**Þór Aðalsteinsson**
**Ásthildur Brynjólfsdóttir** — **Þórir Pálsson Roff**
**Ríkharð Brynjólfsson** — **Sesselja Bjarnadóttir**
**Eiríkur Brynjólfsson**
**Stefán Brynjólfsson** — **Sigrún Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**

---

*Móðir okkar,*

**Valgerður Hafstað Énard**

listmálari,

lést í Reykjavík 9. mars. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju í dag þriðjudaginn 15. mars kl. 15.00.

**Árni, Grímur og Halldór Énard**

---

*Móðir okkar og amma,*

**Sigrún Guðmundsdottir (Dúdda)**

er látin.

**Kolbrún Ólafsdóttir**
**Arna Jóhannsdóttir** — **Geirmundur Einarsson**
**Hermann Þórir Björnsson**
**Kolbrun Gígja Björnsdóttir**
**Sandra Ýr Geirmundardóttir**
**Elma Lísa Geirmundardóttir**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**María Louise Eðvarðsdóttir**

frá Hrísdal, Borgarbraut 65, Borgarnesi,

lést mánudaginn 14. mars 2011 á Dvalarheimili aldraðra í Borgarnesi. Jarðarförin auglýst síðar.

**Úrsúla M. Kristjánsdóttir** — **Þórður Sigurðsson**
**Unnur G. Kristjánsdóttir** — **Sturla Þórðarson**
**Matthildur Kristjánsdóttir**
**Sigurður Kristjánsson**
**Hjördís Kristjánsdóttir**
**Guðrún Kristjánsdóttir** — **Bjarni Kr. Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

markhonnun.is

# netto
*Ódýrt fyrir heimilið!*




## SALTFISKBITAR
ÚTVATNAÐIR
**698** kr/kg
Frábært verð!

# FISKUR VIKUNNAR!



### ÝSUBITAR
ROÐ- OG BEINLAUSIR
FERSKIR
Ópal Sjávarfang
**899** kr/kg
áður 1.098 kr/kg



### ÝSUBITAR
Í RASPI
FERSKIR
Ópal Sjávarfang
20% afsláttur
**1.198** kr/kg
áður 1.498 kr/kg



### ÞORSKBITAR
ROÐ- OG BEINLAUSIR
FERSKIR
Ópal Sjávarfang
**999** kr/kg
áður 1.298 kr/kg




### RAUÐSPRETTUFLÖK
30% afsláttur
**699** kr/kg
áður 998 kr/kg




### ÞORSKBITAR
25% afsláttur
**899** kr/kg
áður 1.198 kr/kg




### FRANSKAR KARTÖFLUR
1 KG
**299** kr/pk.
Frábært verð!




### HVÍTLAUKSBRAUÐ
175 G
**99** kr/stk.
Frábært verð!

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegur - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

Birtist með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl
gildir meðan birgðir endast

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** búsmali, **6.** frá, **8.** meðvitundarleysi, **9.** besti árangur, **11.** guð, **12.** traðk, **14.** högg, **16.** tveir eins, **17.** stilla, **18.** stansa, **20.** skammstöfun, **21.** svall.

**LÓÐRÉTT**
**1.** þó, **3.** klukka, **4.** undirbúningspróf, **5.** borða, **7.** ávöxtur, **10.** skaði, **13.** meiðsli, **15.** maður, **16.** hugfólginn, 19. verkfæri.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** búfé, **6.** af, **8.** rot, **9.** met, **11.** ra, **12.** tramp, **14.** spark, **16.** kk, **17.** róa, **18.** æja, **20.** fr, **21.** rall.
**LÓÐRÉTT: 1.** samt, **3.** úr, **4.** forpróf, **5.** éta, **7.** ferskja, **10.** tap, **13.** mar, **15.** karl, **16.** kær, **19.** al.

# Fótum troðnir karlmenn

**BAKÞANKAR**
**Sifjar Sigmarsdóttur**



Útvarpið er bilað, önnur framrúðan lokast ekki og einn hjólkoppanna er týndur. Þrettán ára gamla bílskrjóðnum mínum hefur verið lýst sem brotajárni á hjólum. Í umsókn um bílatryggingu sem ég fyllti út á netinu á dögunum ákvað ég að láta þess ógetið. Í Bretlandi fer verð bílatrygginga m.a. eftir því á hvernig bíl maður ekur, hvar maður býr og við hvað maður starfar. Hvorki titillinn „dálkahöfundur“, „blaðamaður“ né „rithöfundur“ uppskar hagstæðu iðgjöldin sem ég leitaði að. Eftir að hafa fiktað aðeins í eyðublaðinu og teygt á starfslýsingu minni með hugmyndafluginu endaði ég með titilinn „prófarkalesari“ og lækkað verð. Það var þó ekki fyrr en ég fyllti út reitinn „kyn“ sem ég datt í lukkupottinn. Í Bretlandi greiða konur allt að þriðjungi lægri bílatryggingar en karlar. En Adam – eða kannski heldur Eva – var ekki lengi í Paradís.

**ÞRÁTT** fyrir alla konur-eru-svo-lélegir-bílstjórar-brandarana sýna rannsóknir að konur eru langtum betri ökumenn en karlar og hefur slíkt áhættumat legið til grundvallar mismunandi iðgjöldum. Nú hefur Evrópusambandið hins vegar kveðið á um að ekki megi lengur nota kyn umsækjanda sem forsendu þegar tilboð eru gefin í bílatryggingar.

**ÞÓTT** tíminn hafi sorfið hugmyndafræði æskuára minna, sem að mestu hefur vikið fyrir pragmatisma og raunsæi, hef ég þó enn engan afslátt gefið af jafnréttishugsjóninni. Sem ákafur jafnréttissinni voru fyrstu viðbrögð mín að fagna þessu skrefi að réttlátari heimi. En svo tók kalt raunsæið við.

**FYRIR** rétt rúmri viku var alþjóðadagur kvenna haldinn hátíðlegur í hundraðasta sinn. Hundrað árum eftir að deginum var komið á eigum við hins vegar langt í land með að tryggja konum jafnrétti á við karlmenn. Með einu pennastriki virðist Evrópusambandið geta útrýmt fjárhagslegu misrétti sem karlar eru beittir við töku bílatrygginga. Hvernig stendur á því að ekki er hægt að gera slíkt hið sama við fjárhagslega misréttið sem 17,5% launamunur kynjanna í Evrópusambandinu er?

**HUGSJÓNAMANNESKJAN** í mér kann að hafa samúð með fótum troðnum karlmönnum. Hún er á því að ranglæti verði ekki bætt með öðru ranglæti. Raunsæismanneskjan í mér er hins vegar á öðru máli. Hún er þeirrar skoðunar að konur ættu þá aðeins að niðurgreiða lélega aksturshæfileika karla með iðgjöldum sínum að þeim hafi verið tryggð jöfn laun. Þangað til geta lægri bílatryggingar konum til handa talist launauppbót.


## Sýslumaðurinn á Húsavík

**Útgarði 1, 460 Húsavík, s: 464 5000**

# UPPBOÐ

**Uppboð munu byrja á skrifstofu embættisins að Útgarði 1, Húsavík mánudaginn 21. mars 2011 kl. 10:00 á eftirfarandi eignum:**

Helluhraun 14, fnr. 216-3379, 660 Mývatni, þingl. eig. Hermann Valsson, gerðarbeiðendur Borgun hf og Tollstjóri.

Langanesvegur 9, fnr. 216-7848, 680 Þórshöfn, Langanesbyggð, þingl. eig. Hulda Ingibjörg Einarsdóttir, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður og Vátryggingafélag Íslands hf.

Laugasel, jörð 153788, Þingeyjarsveit, þingl. eig. Byggingarfélagið Óseyri 16 ehf, gerðarbeiðandi NBI hf.

Víðibakki fnr. 216-6788, 671 Kópaskeri, Norðurþing, þingl. eig. Árni Logi Sigurbjörnsson, gerðarbeiðendur Íbúðalánasjóður, Sýslumaðurinn á Blönduósi og Vátryggingafélag Íslands hf.

Sýslumaðurinn á Húsavík
14. mars 2011.

**Framhald uppboðs á eftirfarandi eign verður háð á henni sjálfri þriðjudaginn 22. mars 2011 kl. 14:00**

Grundargarður 13, íbúð 04-0204, fnr. 215-2791, 640 Húsavík Norðurþingi, þingl. eig. Íris Irma Garðarsdóttir, gerðarbeiðandi Íslandsbanki hf.

Sýslumaðurinn á Húsavík,
14. mars 2011.





## Utankjörfundaratkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla vegna þjóðaratkvæðagreiðslu þann 9. apríl 2011, hefst við embætti sýslumannsins í Reykjavík, Skógarhlíð 6, þann 16. mars nk. og er opin á skrifstofutíma á milli kl. 9:00 – 15:30 virka daga. Laugardaginn 19. mars nk. er opið frá kl. 12:00 – 14:00. Laugardaginn 26. mars nk. og sunnudaginn 27. mars nk. er opið frá kl. 12:00 – 14:00.

Frá og með mánudeginum 28. mars nk. fer atkvæðagreiðslan fram í Laugardalshöll og þá verður opið alla daga frá kl. 10:00 -22:00. Á kjördag verður opið frá kl. 10:00 – 17:00.

Sýslumaðurinn í Reykjavík


## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Allt til alls!

**TILBOÐIN GILDA 15.03-16.03**





NÝTT

FRÁBÆRT VERÐ!

3JA SÆTA SÓFI VERÐ AÐEINS:

**79.950,-**

**JYLLAND sófi**
Flottur sófi með slitsterku áklæði.
Fjórir flottir litir: Grár, svartur, rauður, hvítur.
Fæst bæði 2ja sæta og 3ja sæta.
Stærð á 2ja sæta: L170 x H90 x D85 sm. **69.950,-**
Stærð á 3ja sæta: L218 x H90 x D85 sm. **79.950,-**



**FOSSFLAKES SUPERIOR sæng**
Lúxus sæng fyllt með 70% af FOSSFLAKES og 30% af sílikonhúðuðum polyester holtrefjum. Hið nýja FOSSFLAKES efni er létt og mjúkt og minnir í flesta staði á dún. Sængin viðheldur réttu hitastigi við notkun og kemur í veg fyrir svitamyndun. Þolir þvott og þurrkun við 60°C. Heldur lögun sinni þvott eftir þvott!
Stærð: 140 x 200 sm.
Vandað, þéttofið áklæði úr 100% bómull.
Tilvalinn sæng fyrir astma- og ofnæmissjúklinga. Sængurtaska fylgir.

SPARIÐ 2.000

FOSSFLAKES SÆNG ÁÐUR: 8.995,-

**6.995,-**

fossflakes™
- the future in luxury fill



NÝTT

VESTI FULLT VERÐ: 3.995,-

**2.495,-**

SPARIÐ 1.500

**Herra- og dömuvesti**
Falleg herra- og dömuvesti á frábæru verði!
Fást í þremur fallegum litum: Rauðu, brúnu og svörtu.



SPARIÐ 20.000

ÁFÖST YFIRDÝNA

90 X 200 SM. FULLT VERÐ: 69.950,-

**49.950,-**

Sweet Dreams

**SWEET DREAM amerísk dýna**
Vönduð og góð dýna með sterkri hliðarstyrkingu. Í efra lagi er áföst 10 sm. þykk yfirdýna úr hágæða svampi. Í neðra lagi eru u.þ.b. 140 LFK BONELL gormar pr. m². Hreint ótrúlegt verð! Fætur fylgja með. Stærð: 90 x 200 sm.



20% AFSLÁTTUR

TVÖFALDUR FATASKÁPUR FULLT VERÐ: 24.950,-

**19.950,-**

MEÐ EFRI HILLU OG FATASLÁ

**TEXAS fataskápur**
Tvöfaldur fataskápur með fataslá og efri hillu.
Stærð: B99 x H221 x D58 sm. Áður: **24.950,-** Nú: **19.950,-**
Þrefaldur fataskápur með fataslá og efri hillu.
Stærð: B148 x H221 x D58 sm. Áður: **44.950,-** Nú: **34.950,-**
Hillur og skúffur seldar sér.
1 Hillueining með 2 hillum **3.395,-**
2 Skúffueining með 2 skúffum **9.995,-**



HANNAÐU ÞINN EIGIN FATASKÁP!

**TEXAS fataskápar**
Hannaðu þinn eigin fataskáp!
Raðaðu tvöföldum, þreföldum, fjórföldum eða fimmföldum fataskáp saman og settu hillur, skúffur og fataslá í hann eftir þínu höfði. Fáanlegir í hvítu.



FERÐABÚR VERÐ FRÁ:

**3.995,-**

LOKSINS KOMIN AFTUR!

**Mikið úrval af gæludýravörum!**
Pokahaldari og 2 rúllur **399,-**
3 svartar pokarúllur **299,-**
Handhæg ferðabúr fyrir gæludýr sem hægt er að leggja alveg saman.
Fást í bláu og rauðu.
X-SMALL **3.995,-**
SMALL **5.495,-**
MEDIUM **6.995,-**
LARGE **7.995,-**



POKAHALDARI MEÐ 2 RÚLLUM

**399,-**

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

# HART BARIST Í EUROVISION

**Búið er að velja lögin 43 sem keppa í Eurovision í Düsseldorf í vor. Búast má við harðri keppni enda taka mörg frambærileg lög þátt í þetta sinn.**



GAMLAR KEMPUR SNÚA AFTUR Sigurvegarinn frá því í fyrra, hin þýska Lena, mætir aftur til leiks í ár með lagið Taken By A Stranger. NORDICPHOTOS/GETTY

Nú er ljóst hvaða 43 lög taka þátt í Eurovision-keppninni í Düsseldorf í maí. Vinir Sjonna stíga á svið með lagið Aftur heim í undanúrslitunum fyrir Íslands hönd 10. maí ásamt nítján öðrum löndum, þar á meðal Noregi, Póllandi, Grikklandi, Serbíu og Rússlandi. Í hinum undanúrslitunum 12. maí eigast við þjóðir á borð við Svíþjóð, Danmörku, Írland og Ísrael. Úrslitin sjálf ráðast svo 12. maí.

Ítalía tekur þátt í Eurovision í fyrsta sinn í þrettán ár og fer sjálfkrafa í úrslitin rétt eins og Bretland, Frakkland, Spánn og Þýskaland. Fulltrúi Ítala verður Rafael Gualazzi með lagið Madness of Love á meðan strákabandið Blue syngur fyrir hönd Bretlands hið grípandi I Can. Tvíburarnir Jedward syngja Lipstick fyrir hönd Íra. Lagið er nútímalegt popp og líkist á engan hátt sigurlögunum tveimur sem landi þeirra Johnny Logan söng svo eftirminnilega í Eurovision á níunda áratugnum.

Þá tekur sigurvegarinn frá því í fyrra, hin þýska Lena, þátt í keppninni annað árið í röð, nú með lagið Taken by a Stranger. Kynskiptingurinn Dana International frá Ísrael snýr einnig aftur í keppnina með lagið Ding Dong. Dana sigraði í Eurovision árið 1998 með Diva, sem náði miklum vinsældum í Evrópu í framhaldinu.

Hin Norðurlöndin eiga vitaskuld sína fulltrúa í keppninni. Hinn 21 árs Eric Saade vann Melodifestivalen-keppnina í Svíþjóð um síðustu helgi og mætir því til Þýskalands með stuðlagið Popular í farteskinu. Stella Mwangi keppir fyrir hönd Noregs með lagið Haba Haba, sem er undir afrískum áhrifum, og telja það margir sigurstranglegt. Hinn tvítugi Paradise Oskar syngur lagið Da da dam sem er framlag Finna í ár. Þetta er rólegt kassagítarlag sem felur í sér mikinn umhverfisboðskap. Frá Danmörku kemur poppsveitin A Friend In London með lagið New Tomorrow sem auðvelt er að syngja með og gæti náð langt í keppninni.



ENDURKOMA Dana International snýr aftur með lagið Ding Dong.

freyr@frettabladid.is

# Hermann seldur til Þýskalands

Þýska forlagið Litteraturverlag hefur tryggt sér útgáfuréttinn á skáldsögu Hermanns Stefánssonar, Algleymi, sem út kom hjá Bjarti haustið 2008.

Algleymi kemur út fyrir bókastefnuna í Frankfurt í haust, þar sem Ísland skipar heiðurssess. Þetta er fyrsta bókin eftir Hermann sem Bjartur selur útgáfuréttinn á til erlends forlags.

Algleymi fjallar um Guðjón Ólafsson sem vaknar á sjúkrahúsi og hefur misst minnið og leitar svara við hvað gerðist. Smám saman opnast lesandanum ógnvænlegur heimur þar sem dularfullar ofsóknir virðast viðgangast, lykilatvik úr mannkynssögunni birtast í nýju ljósi, hulunni er svipt af dulmögnuðu handriti frá miðöldum, það brestur á með æðisgengnum flótta – og inn í þetta blandast mesta eðlisfræðitilraun allra tíma sem fram fer í agnahraðli CERN í Sviss.

Algleymi er þriðja skáldverkið eftir Hermann á vegum Bjarts; áður komu út smásagnasafnið Níu þjófalyklar og skáldsagan Stefnuljós.



HERMANN STEFÁNSSON Bók hans, Algleymi, kemur út í Þýskalandi í haust.


# ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| HALL PASS | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| THE WAY BACK | kl. 5:30 - 8 - 10:40 | 12 |
| RANGO M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| JUSTIN BIEBER MOVIE Með texta | kl. 5:40 - 8 | L |
| THE RITE | kl. 10:30 | 16 |
| I AM NUMBER FOUR | kl. 10:30 | 12 |
| TRUE GRIT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TRUE GRIT | kl. 5:40 | VIP |
| THE KING´S SPEECH | kl. 5:30 - 8 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE KING'S SPEECH | kl. 5:40 | L |
| THE WAY BACK | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SPACE CHIMPS 2 | kl. 6 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:10 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| HALL PASS | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| RANGO ísl Tal | kl. 5.30 | L |
| JUSTIN BIEBER-3D textalaus | kl. 5.40 - 8 | L |
| I AM NUMBER 4 | kl. 10.30 | 12 |
| KING'S SPEECH | kl. 5.30 - 8 | L |
| TRUE GRIT | kl. 10.20 | 16 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE WAY BACK Númeruð sæti | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| THE KING´S SPEECH Númeruð sæti | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | L |
| HALL PASS | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| GEIMAPARNIR 2 M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| YOGI BEAR-3D M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS



SMÁRABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| BATTLE: LOS ANGELES LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| THE ROOMMATE | KL. 8 - 10.10 | 14 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 3.30 | L |
| THE MECHANIC | KL. 10.30 | 16 |
| JUST GO WITH IT | KL. 5.30 - 8 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE ROMANTICS | KL. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 5.40 | L |
| HOW DO YOU KNOW | KL. 8 - 10.30 | L |
| BIG MOMMA´S HOUSE | KL. 10.30 | L |
| BLACK SWAN | KL. 5.30 - 8 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| RANGO MEÐ ÍSLENSKU TALI | KL. 6 | L |
| RANGO MEÐ ENSKU TALI | KL. 10 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 6 - 8 | L |

Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI 5%

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075



LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | |
|---|---|
| BATTLE: LOS ANGELES | 8 og 10.20(POWER) |
| RANGO - ENS TAL | 5.50, 8 og 10.10 |
| RANGO - ISL TAL | 5.50 |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | 6, 8 og 10 - EKKI TILBOÐ |

Þriðjudagur er tilboðsdagur.

# Kvennaskólinn í Reykjavík

## - opið hús 16. mars 2011 -

**Miðvikudaginn 16. mars verður opið hús í skólanum fyrir 10. bekkinga og forráðamenn þeirra frá kl. 17:00 til 19:00 að Fríkirkjuvegi 9.**

**Námsframboð skólans, inntökuskilyrði og félagslíf verður kynnt.**

**Verið velkomin.**

**Skólameistari**



CAFÉ BÍÓ ★ PARADÍS

| | |
|---|---|
| ROKLAND | 17:50, 20:00, 22:10 |
| THE FIGHTER (14) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| KVIKSETTUR (BURIED) (16) | 20:00, 22:00 |
| ANNAÐ ÁR (ANOTHER YEAR) (L) | 17:40, 20:10, |
| ÁSTARFUNI (IO SONO L'AMORE) (14) | 17:40 |
| INSIDE JOB | 22:40 |

ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ: 850 KR. MIÐINN



MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS

# LOKSINS KEMURÐU LAGI Á MELTINGUNA!




„Bókin er fínn og nákvæmur leiðarvísir, uppfull af fróðleik og uppskriftum, sem eykur skilning og opnar hugann.“
Sigurjón M. Egilsson
blaðamaður

*Farðu að ráðum Kolbrúnar Björnsdóttur grasalæknis og meltingarkerfið virkar eins og það á að gera!*

# „Algjörlega ómissandi bók“



Í bókinni er m.a. að finna uppskriftir að spennandi hollusturétttum úr smiðju Kolbrúnar Björnsdóttur grasalæknis og Sólveigar Eiríksdóttur (Sollu á Gló).

„Algjörlega ómissandi bók fyrir alla þá sem hafa áhuga á að halda heilsu og fyrirbyggja sjúkdóma.“
Jóhanna Vilhjálmsdóttir,
fjölmiðlakona

Góð melting er undirstaða góðrar heilsu og vellíðunar. Í þessari áhugaverðu og aðgengilegu bók rekur Kolbrún Björnsdóttir grasalæknir á skýran og einfaldan hátt hvernig meltingarkerfið virkar og hvernig þú getur komið starfsemi þess í lag!

- **Ef meltingin er í ólagi hrörnar líkaminn hraðar en ella**
- **Endurnýjaðu líkamann til frambúðar**
- **Nákvæm lýsing á heilunarferli í fjórum áföngum sem tryggir að melting þín sé í góðu horfi**
- **Hverjum áfanga fylgja hollustu-uppskriftir frá Kolbrúnu og Sollu á Gló**

VERÖLD

DYNAMO REYKJAVIK

# sport

sport@frettabladid.is



**KR OG SNÆFELL** áttu bæði tvo leikmenn í úrvalsliði 12. til 22. umferðar í Iceland Express deildar karla sem var valið í gær. Snæfellingarnir Jón Ólafur Jónsson og Pálmi Freyr Sigurgeirsson eru í liðinu ásamt KR-ingunum Pavel Ermolinskij og Marcus Walker en fimmti maðurinn er síðan Keflvíkingurinn Sigurður Gunnar Þorsteinsson. Sigmundur Már Herbertsson var valinn besti dómarinn og Helgi Rafn Viggósson í Tindastóli var valinn dugnaðarforkurinn.



**MARGRÉT KARA STURLUDÓTTIR** Skoraði 23 stig fyrir KR í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## ÚRSLIT Í GÆR

*Iceland Express kvenna*

**Sex liða úrslit, leikur tvö**

**Njarðvík-Haukar 83-55 (35-19)**

**Stig Njarðvíkur:** Shayla Fields 24, Julia Demirer 16, Ólöf Helga Pálsd. 10 (5 stoðs.), Eyrún Líf Sigurðard.9, Dita Liepkalne 8 (15 frák.), Ína María Einarsd. 7, Anna María Ævarsd.4, Emelía Ósk Grétarsd.4, Árnína Lena Rúnarsd.1.

**Stig Hauka:** Ragna Margrét Brynjarsdóttir 11 (8 frák.), Gunnhildur Gunnarsdóttir 9, Margrét Rósa Hálfdánardótir 9, Kathleen Snodgrass 6, María Lind Sigurðardóttir 5, Ína Salóme Sturludóttir 5, Íris Sverrisdóttir 4, Bryndís Hanna Hreinsdóttir 3, Helga Jónasdóttir 2, Guðrún Ósk Ámundardóttir 1

**Njarðvík vann einvígið 2-0 og mætir Hamar.**

**Snæfell-KR 76-84 (33-35)**

**Stig Snæfells:** Monique Martin 20 (10 frák.), Laura Audere 19, Berglind Gunnarsd. 13, Alda Leif Jónsd. 10 (6 stoðs.), Hildur Björg Kjartansd.6, Sara Mjöll Magnúsd. 3, Björg Guðrún Einarsd. 3, Helga Hjördís Björgvinsd. 2.

**Stig KR:** Chazny Morris 25, Margrét Kara Sturlud. 23, Hildur Sigurðard.14 (5 frák./5 stoðs.), Guðrún Gróa Þorsteinsd. 10, Hafrún Hálfdánard.4, Signý Hermannsd. 3, Sólveig Helga Gunnlaugsdóttir 3, Svandís Anna Sigurðardóttir 2.

**KR vann einvígið 2-0 og mætir Keflavík.**

# Tók sér ekki langa pásu í sumar

**Jón Ólafur Jónsson var í gær valinn besti leikmaður seinni umferðar Iceland Express deildar karla. Hann spilaði vel í fyrra og hefur bætt sinn leik mikið í vetur eftir að Snæfellsliðið sá á eftir sterkum mönnum. Besti þjálfarinn, Hrafn Kristjánsson, ákvað að styrkja KR-liðið innan frá um áramótin og sér ekki eftir því.**

**KÖRFUBOLTI** Jón Ólafur Jónsson, framherji Snæfells, og Hrafn Kristjánsson, þjálfari KR, voru í gær valdir bestir í seinni umferð Iceland Express deildar karla. Jón Ólafur hefur farið fyrir óvæntri en frábærri frammistöðu Hólmara í vetur og Hrafni tókst eftir slaka frammistöðu framan af vetri að koma KR-liðinu í gírinn eftir áramót þrátt fyrir að flest önnur lið í deildinni hafi bætt við sig erlendum leikmönnum.

„Ég væri að ljúga ef ég segði að ég væri ekki ánægður með þetta tímabil. Þetta var kannski ekki það sem fólk var búið að gera ráð fyrir en við trúðum því statt og stöðugt að við gætum þetta," sagði Jón Ólafur Jónsson.

„Ég hef ekki verið að fá mikið af svona áður og ég get ekki sagt annað en að það sé mjög skemmtilegt, sérstaklega þegar bæði manni sjálfum og liðinu gengur svona vel," sagði Jón, sem setti stefnuna hátt skömmu eftir að titillinn var í höfn í fyrra.

„Ég tók mér ekki langa pásu eftir að við unnum titilinn. Ég beið kannski í viku en fór að pæla í því strax að ég þyrfti að fara að styrkja mig til þess að reyna að hjálpa til við að fylla skarðið undir körfunni. Ég vissi að ég þurfti að rífa upp minn leik, bæði í fráköstum, stigaskori og varnarleik," segir Jón Ólafur.



**KÁTIR HÓLMARAR** Jón Ólafur Jónsson með Inga Þór Steinþórssyni, þjálfara Snæfells, og Pálma Frey Sigurgeirssyni sem var einnig í úrvalsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKARÓ

Jón Ólafur var ekki eini Snæfellingurinn í liðinu því þar var einnig Pálmi Freyr Sigurgeirsson. Þeir hafa báðir bætt mikið við sinn leik frá því í fyrra og séð til þess að Hólmarar hafa getað unnið sig út úr því að missa lykilmenn eins og Hlyn Bæringsson og Sigurð Þorvaldsson. „Þeir eru búnir að bæta sig töluvert frá því í fyrra og eru búnir að vera miklir leiðtogar í vetur," sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfellsliðsins. Báðir hafa þeir hækkað sig mikið í stigum, fráköstum og stoðsendingum.

„Þeir eru búnir að vera mjög sterkir inni í heildinni og hafa kannski komið mörgum á óvart. Nonni og Pálmi voru mjög sterkir í liðskeðjunni í fyrra en eru að sýna það í vetur að þeir eru tilbúnir að stíga fram þegar liðið hefur vantað það. Þetta sýnir hversu fjölhæfir þessir menn eru," segir Ingi Þór, ánægður með sína menn.

Hrafn Kristjánsson stýrði KR til sigurs í 9 af 11 deildarleikjum eftir áramót auk þess sem KR vann bikarinn í fyrsta sinn í tuttugu ár.

„Þetta er búið að vera mjög fínt eftir áramót. Við þurftum að taka okkur saman í andlitinu og fórum í gríðarlega mikla vinnu yfir áramótin. Bikarmeistaratitillinn var örlítil krýningarstund í þeirri vinnu og við gengum í framhaldinu í gegnum smá klassíska bikartimburmenn. Við erum búnir að hrista það af okkur og erum búnir að eiga tvær mjög góðar æfingavikur," segir Hrafn. Hann á tvo leikmenn í úrvalsliðinu, Pavel Ermolinskij og Marcuc Walker, en sá síðarnefndi bætti sig mikið eftir áramót, þar á meðal um 9,3 stig í leik.

„Það kom ekki til greina að bæta við erlendum leikmanni eins og hin liðin. Við vorum að spila aðeins undir getu og það var miklu hollara fyrir þessa stráka að finna þörf í sjálfum sér til þess að bæta sinn leik. Það er miklu meira gefandi að styrkja liðið innan frá en kaupa að miða frá Iceland Express. Við erum mjög stoltir af því að hafa farið þá leið," segir Hrafn. ooj@frettabladid.is




Stelpurnar okkar lentu í riðli með Noregi í EM:

# Fínt að losna við Þjóðverja og Frakka

**FÓTBOLTI** Sigurður Ragnar Eyjólfsson, kvennalandsliðsþjálfari í fótbolta, var nokkuð sáttur við riðil Íslands í undankeppni EM 2013 en dregið var í gær. Ísland er í riðli með Noregi (7. sæti á FIFA-listanum), Belgíu (35.), Ungverjalandi (31.), Norður Írlandi (64.) og Búlgaríu (49.).

„Það var mjög fínt að losna við Frakkland og það vildi engin þjóð mæta Þjóðverjum," sagði Sigurður Ragnar þegar Fréttablaðið heyrði í honum í gær. Hann var úti í Sviss ásamt Klöru Bjartmarz.

„Ég er alveg ágætlega sáttur og þetta er tiltölulega þægilegt upp á ferðlög að gera. Við hefðum getað verið bæði heppnari og óheppnir með lið í fyrsta styrkleikaflokki við höfum verið að spila jafna leiki á móti Noregi og mér lýst ágætlega á það að mæta þeim. Þær hafa mikla reynslu og komast yfirleitt alltaf áfram en við ætlum að snúa því við," sagði Sigurður Ragnar en það má búast við því að Ísland berjist við Noreg um sigurinn í riðlinum sem gefur sæti í úrslitakeppninni í Svíþjóð.

„Þær eru með gott lið og komust á úrslitakeppni HM og fóru í undanúrslitin á síðasta EM. Þær eru yfirleitt í lokakeppnum og standa sig vel. Þær hafa mikla hefð og eru með gott lið. Við teljum að við séum með engu síðra lið þannig að bilið er alltaf að minnka á milli okkar. Við erum bara spennt fyrir að mæta þeim," segir Sigurður Ragnar en hann var ánægður með að fá tækifæri til mæta mörgum nýjum þjóðum þar sem stelpurnar hafa ekki verið að spila við undanfarin ár.

„Við vorum pínu óheppin með liðin í neðri styrkleikaflokkunum því þar fengum við yfirleitt sterkustu liðin. Þetta hefði getað farið betur og hefði getað farið verr og ég er bara sæmilega ánægður með riðilinn. Ég held að við eigum fína möguleika," sagði Sigurður Ragnar að lokum.

Íslenska liðið gæti byrjað á móti Búlgaríu í Búlgaríu 19. maí en það er ekki endanlega búið að staðfesta þann leik. Fyrri viðureignin á móti Noregi verður hins vegar á Laugardalsvellinum 17. september næstkomandi og liðin mætast síðan aftur í Noregi í lokaleik riðilsins rúmu ári síðar. - óój



**SIGURÐUR RAGNAR EYJÓLFSSON** Er að fara inn í sína aðra undankeppni fyrir Evrópumótið.

58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

> **Cuba Gooding Jr.**

„Það eru hlutverk sem mig langar að leika en umboðsskrifstofan mín lætur mig ekki fá af einhverjum ástæðum. Svo eru líka hlutverk sem ég er ekki látinn fá því fólk heldur að ég vilji ekki leika þau. Þetta er þreytandi því leikari vill bara fá að leika.“

***Cuba Gooding Jr. leikur Tommy Riley, sem flytur til pabba síns í Chicago og fer fyrir tilviljun að stunda hnefaleika í undirheimum borgarinnar í kvikmyndinni Gladiator sem er á Stöð 2 Bíó kl. 22.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KRISTJANA ARNARSDÓTTIR KEMST Á GELGJUNA Á NÝ

# *Fallegt fólk í ljótum fötum*



Það er sjaldan sem mér tekst að fylgjast með heilli þáttaröð frá upphafi til enda. Ég virðist alltaf detta út frekar snemma og áður en ég veit af eru þrjár þáttaraðir búnar, búið er að drepa aðalpersónuna og ég nenni ekki að leggja það á mig að kynnast nýja fólkinu sem kom inn í annarri seríu.

Það er ekki langt síðan ég skreið af gelgjuskeiðinu en á þeim yndislegu árum voru nokkrar sjónvarpsseríur sem hreinlega allir unglingar fylgdust með og oft var dramatíkin í þáttunum það eina sem rætt var um í skólanum daginn eftir. Eins mikið og ég hélt að ég væri alveg með á nótunum á gelgjunni þá tókst mér að missa af bestu unglingasápu síðasta áratugar, The OC. Í þau fáu skipti sem ég gef mér tíma til þess að horfa á sjónvarpið, vonast ég til þess að lenda á einhverju skemmtilegu svo ég endi nú ekki bara á Facebook í hundraðasta skipti þann daginn. Gelgjuhjartað í mér tók því aldeilis kipp þegar ég kveikti á Stöð 2 Extra um daginn og sá að það var verið að endursýna ævintýrin í The OC, ævintýri sem ég hafði aldrei áður kynnst. Eftir þessa örlagaríku sjónvarpsstund, ákvað ég að verða mér úti um allar þáttaraðirnar og sökkva mér í unglingadramað. Að ég skuli ekki hafa tollað við skjáinn yfir þessum þætti hér í den! Sérstaklega í ljósi þess að aðalpersónurnar eru tveir fjallmyndarlegir strákar og er ég í hinu mestsa basli með að ákveða hvor þeirra er sætari. Góð tónlist og tíska spila líka stóra rullu í þáttunum. Ég er hins vegar áratug of sein og það verður bara að segjast eins og er, tískan hefur ekki fengið að lifa nógu góðu lífi síðan þá. Ef ég bara hefði horft á þáttinn á gelgjunni. Þá voru aðalpersónurnar eflaust glæsilegar og ég hefði getað spjallað við krakkana í frímínútum. Svo eru sætu strákarnir líka komnir á fertugsaldurinn í dag.

## SJÓNVARPIÐ

**14.40 Franska rívíeran** (e)
**15.20 Meistaradeild í hestaíþróttum** (e)
**15.35 Þýski boltinn** (e)
**16.35 Íslenski boltinn** (e)
**17.20 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (6:12) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Skordýrin í Sólarlaut** (39:43)
**18.23 Skúli skelfir** (32:52)
**18.34 Kobbi gegn kisa** (17:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Sportið**
**20.40 Skólaklíkur** (8:12) (Greek) Bandarísk þáttaröð um systkinin Rusty og Casey Cartwright og fjörugt félagslíf þeirra í háskóla.
**21.25 Návígi**
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Njósnadeildin** (1:8) (Spooks VIII) Breskur sakamálaflokkur um úrvalssveit innan bresku leyniþjónustunnar MI5. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Aðþrengdar eiginkonur** (Desperate Housewives) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)
**23.55 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Extreme Makeover. Home Edition** (6:25)
**11.00 The New Adventures of Old Christine** (8:22)
**11.25 Wonder Years** (2:17)
**11.50 Tim Gunn's Guide to Style** (6:8)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 America's Got Talent** (15:26)
**14.25 America's Got Talent** (16:26)
**15.10 Sjáðu**
**15.35 Barnatími Stöðvar 2**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 The Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (22:24)
**19.45 The Big Bang Theory** (15:23)
**20.10 Modern Family** (16:24)
**20.35 Two and a Half Men** (21:22) Sjöunda sería.
**21.00 Chuck** (18:19)
**21.45 Burn Notice** (13:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.
**22.30 Daily Show: Global Edition**
**22.55 Pretty Little Liars** (16:22)
**23.40 Grey's Anatomy** (16:22)
**00.25 Medium** (22:22)
**01.10 Cemetery Gates**
**02.40 Rock Monster**
**04.05 Chuck** (18:19)
**04.50 Two and a Half Men** (21:22)
**05.15 The Simpsons**
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**16.05 Iceland Expressdeildin - Upphitun**
**17.05 Ensku bikarmörkin**
**17.35 Spænsku mörkin**
**18.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**
**19.00 Meistaradeildin - upphitun**
**19.30 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd. - Marseille** Bein útsending frá leik Manchester United og Marseille í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Á sama tíma mætast Bayern München og Inter Milan í beinni á Sport 3.
**21.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**22.05 Meistaradeild Evrópu: Bayern München - Inter Milan** Útsending frá leik Bayern München og Inter Milan í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3 kl. 19.30.
**23.55 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd. - Marseille**
**01.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**

## SKJÁREINN

**06:00 Pepsi MAX tónlist**
**07:20 Spjallið með Sölva** (4:16) (e)
**08:00 Dr. Phil** (e)
**08:45 Pepsi MAX tónlist**
**12:00 Spjallið með Sölva** (4:16) (e)
**12:40 Pepsi MAX tónlist**
**16:10 90210** (16:22) (e)
**16:55 Dr. Phil**
**17:40 Got To Dance** (10:15) (e)
**18:30 Being Erica** (5:13) (e)
**19:15 Survivor** (15:16)
**20:35 Innlit/ útlit** (2:10) Þórdís Björt tónlistarkona fær heimsókn frá Bergrúnu Írisi. Fröken Fix er á sínum stað ásamt góðum húsráðum.
**21:05 Dyngjan** (5:12) Konur kryfja málin til mergjar í Dyngjunni, glænýjum sjónvarpsþætti undir stjórn kjarnakvennanna Nadiu Katrínar Banine og Bjarkar Eiðsdóttur.
**21:55 The Good Wife** (8:23)
**22:45 Makalaus** (2:10) (e) Þættir sem byggðir eru á samnefndri metsölubók Tobbu Marinós.
**23:15 Jay Leno**
**00:00 CSI** (9:22) (e)
**00:50 The Good Wife** (8:23) (e)
**01:35 Pepsi MAX tónlist**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur
**20.15 Pressa** (3:6) Rammíslensk spennuþáttaröð í sex hlutum eftir Óskar Jónasson og Sigurjón Kjartansson.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Glee** (15:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu.
**22.40 Nikita** (2:22) Hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem ræður til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku.
**23.25 The Event** (11:23) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök.
**00.10 Saving Grace** (2:14)
**00.55 Pressa** (3:6)
**01.40 The Doctors**
**02.20 Sjáðu**
**02.45 Fréttir Stöðvar 2**
**03.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BÍÓ

**08.00 Dave Chappelle's Block Party**
**10.00 Back to the Future**
**12.00 Son of Rambow**
**14.00 Dave Chappelle's Block Party**
**16.00 Back to the Future**
**18.00 Son of Rambow**
**20.00 Surrogates**
**22.00 Gladiator**
**00.00 Terms of Endearment**
**02.10 Dungeon Girl**
**04.00 Gladiator**
**06.00 Margot at the Wedding**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**17.30 Premier League Review 2010/11** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.30 Premier League World 2010/11** Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
**19.00 Bolton - Liverpool** Útsending frá leik Bolton og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**20.45 Man. City - Aston Villa** Útsending frá leik Manchester City og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**22.30 Ensku mörkin 2010/11** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.00 Chelsea - Sunderland** Útsending frá leik Chelsea og Sunderland í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁRGOLF

**06.00 ESPN America**
**07.10 World Golf Championship 2011** (1:4)
**11.10 Golfing World**
**12.00 Golfing World**
**12.50 World Golf Championship 2011** (1:4)
**16.50 Ryder Cup Official Film 2010**
**18.00 Golfing World**
**18.50 PGA Tour - Highlights** (10:45)
**19.45 Volvo Golf Champions** (2:2)
**23.15 Golfing World**
**00.05 ESPN America**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Sýnið okkur undanþágurnar segja bændur. Haraldur Ben er gestur kvöldsins.
**21.00 Græðlingur** Vorverkin í garðyrkjuskóla Íslands
**21.30 Svartar tungur** Birkir Jón, Sigmundur Ernir og Tryggvi Þór heitir úr þingsal.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




SPORT *besta sætið*

Í KVÖLD KL. 19:30

MAN. UTD. –

Í KVÖLD
19:00 Meistaradeildin – upphitun SPORT
19:30 Man. Utd. – Marseille SPORT SPORT HD
19:30 Bayern München – Inter Milan SPORT 3
21:40 Meistaramörkin SPORT

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 SPORT INNIHELDUR SPORT SPORT 2 SPORT 3 SPORT 4 SPORT 5

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 SPORT KL. 19.30**

### Man. Utd - Marseille

Seinni leikur liðanna í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu. Fyrri leiknum lauk með markalausu jafntefli í Frakklandi. Á sama tíma leika Bayern München og Inter Milan og sá leikur er í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport 3.

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Fulltrúar framtíðarinnar **14.03** Sker **15.03** Útvarpssagan: Rán **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.16** Fimm fjórðu **23.07** Matur er fyrir öllu **00.05** Næturútvarp Rásar 1

### BBC entertainment

**14.55** Deal or No Deal **15.30** Keeping Up Appearances **16.00** Keeping Up Appearances **16.30** Whose Line Is It Anyway? **16.55** Whose Line Is It Anyway? **17.20** Deal or No Deal **17.55** Deal or No Deal **18.30** Keeping Up Appearances **19.00** Keeping Up Appearances **19.30** Ruddy Hell! It's Harry and Paul **20.00** Last of the Summer Wine **20.30** Monarch of the Glen **21.20** Coupling **21.50** Whose Line Is It Anyway? **22.15** Whose Line Is It Anyway? **22.45** Monarch of the Glen **23.35** EastEnders **00.05** Ruddy Hell! It's Harry and Paul

### DR 1

**12.00** Vagn hos kiwierne **12.30** Søren Ryge **13.00** Herlufsholm **13.30** Blod, sved og T-shirts **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Aftenshowet **15.00** Den lille røde traktor **15.10** Rasmus Klump **15.15** Alfons Åberg **16.00** Landsbyhospitalet **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Vores Liv **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Kender du typen **19.30** Snydt igen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Kommissæren og havet **22.30** Gintberg på kanten **23.00** Ja, vi elsker

### NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Aktuelt **12.35** Urix **13.00** NRK nyheter **13.05** Puls **13.35** Norge rundt **14.00** NRK nyheter **14.10** Dallas **15.00** NRK nyheter **15.10** Nummer 1 **15.50** Filmavisen 1960 **16.00** NRK nyheter **16.10** Vår aktive hjerne **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Ut i naturen **19.15** Kjærlighetshagen **19.45** Extra-trekning **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Brennpunkt **21.30** Finnmarksløpet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Lydverket **22.45** Ari og Per

### SVT 1

**10.15** Fråga doktorn **11.00** Rapport **11.05** Klass 9A **11.35** Dom kallar oss artister **12.05** Idag börjar livet **14.10** Gomorron Sverige **15.00** Rapport **15.05** Notes From the Underbelly **15.25** Anslagstavlan **15.30** På spåret **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Huset fullt av hundar **20.00** Veckans brott **21.00** Dox **22.00** En idiot på resa **23.45** Rapport **23.50** Thumbsucker






**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Það eru nokkrir staðir sem koma til greina, það fer eiginlega bara eftir skapi. Það sem kemur fyrst upp í hugann er Saffran og SuZushii, svo klikkar Búllan seint.“*

Bjarni Þór Jensson, söngvari hljómsveitarinnar Cliff Clavin.

# Valdís með nýja mynd á teikniborðinu

Valdís Óskarsdóttir er að skrifa handrit að nýrri gamanmynd sem nefnist Þrír menn, tvær konur, eitt lík og lögga.

„Titillinn segir voðalega mikið. Þetta fjallar svolítið um þeirra samverustundir og hvernig líf þessa fólks fléttast saman,“ segir Valdís. Hún hefur unnið með leikurunum í Vesturporti í síðustu tveimur myndum sínum, Sveitabrúðkaupi og Kóngavegi en hefur ekki ákveðið hvort áframhald verði á því samstarfi.

Valdís, sem hefur getið sér gott orð bæði sem leikstjóri, handritshöfundur og klippari, segist ekki vita hvenær tökur á myndinni geta hafist eða hvort hún muni leikstýra. Fyrst þarf hún að ljúka við handritið, sækja um styrki og svo framvegis. „Ástandið á Íslandi er ekki alveg það besta til að framleiða bíómyndir. Það er lítið um peninga og mikill niðurskurður. Það er best að byrja á að klára handritið og sjá svo til.“

Hún getur vel hugsað sér að gera aðra mynd eins og Sveitabrúðkaup þar sem spuni leikaranna spilaði stóra rullu. „Það er ekki hægt að fá styrk frá Kvikmyndamiðstöð til að vinna mynd sem er ekki með fullskrifað handrit, því miður. Ég þarf að róa á önnur mið og reyna að finna einhverja leið til að framleiða myndir sem eru ekki alveg eftir bókinni,“ segir hún.

Síðasta mynd hennar, Kóngavegur, kom út fyrir rúmu ári og fékk hún góðar viðtökur, þar á meðal fjórar stjörnur hér í Fréttablaðinu. Með aðalhlutverkin fóru Gísli Örn Garðarsson og Þjóðverjinn Daniel Brühl. -fb



**SKRIFAR HANDRIT** Valdís Óskarsdóttir er að skrifa kvikmyndahandrit sem nefnist Þrír menn, tvær konur, eitt lík og lögga. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


Háholt 14, Mosfellsbær
Sími: 588 5530 • berg@berg.is
www.berg.is
Fax: 588 5540



**Pétur Pétursson lögg. fasteignasali**
Petur@berg.is

BERG FASTEIGNASALA

**Opið hús.**



**Álfkonuhvarf 49**
Opið hús í dag frá kl. 17 - 18 íbúðin er á jarðhæð 90fm.
merkt 103. stæði í bílageymslu fylgir. Sólpallur.
Pétur tekur á móti áhugasömum. GSM. 897 0047
**Íbúðin er laus strax. V. 23,5 m**

BERG fasteignasala stofnuð 1989




**SAMRÝMD HJÓN** Margrét og Oddur ætla að skrifa Stundina okkar saman, en hún sér um að leika. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

MARGRÉT SVERRISDÓTTIR: GERUM ÞAÐ SEM OKKUR FINNST SKEMMTILEGT

# GRÍÐARLEG PRESSA AÐ TAKA VIÐ STUNDINNI OKKAR

„Við ætlum að gera það sem okkur finnst skemmtilegt og sjá hvort það virkar,“ segir leikkonan Margrét Sverrisdóttir.

Margrét hefur tekið við Stundinni okkar ásamt eiginmanni sínum, leikstjóranum Oddi Bjarna Þorkelssyni. Ný þáttaröð af ástsælasta barnaþætti Íslandssögunnar hefst í haust, en Margrét og Oddur eru þegar byrjuð að leggja drög að þáttunum. Um hundrað umsóknir bárust Ríkissjónvarpinu vegna lausrar stöðu umsjónarmanns Stundarinnar á dögunum eftir að leikarinn Björgvin Franz Gíslason ákvað að segja skilið við þáttinn og flytja með fjölskyldu sinni til Bandaríkjanna.

„Þetta leggst gríðarlega vel í okkur. Við skrifum þættina saman og ég sé um að leika,“ segir Margrét og játar að þau séu mikið áhugafólk um barnaefni. „Við höfum undanfarin ár unnið mikið í barnaefni,“ segir hún. „Við höfum verið sérlegir aðstoðarmenn jólasveinanna í Dimmuborgum. Svo erum við að leikstýra leikhópnum Lottu, sem er ferðaleikhópur sem sýnir fyrir börn á sumrin.“

Börn geta verið harðir gagnrýnendur og Margrét segir að pressan sé mikil þar sem þau eru að taka við einu af flaggskipum Sjónvarpsins. „En við reynum að hugsa ekki um það og ætlum að gera þetta almennilega. Reynslan hefur sýnt okkur að það er ekki hægt að geðjast öllum. Fólk hefur mismunandi smekk,“ segir hún.

Spurð hvort Stundin okkar sé það stærsta sem reynsluboltar í barnaefni á Íslandi geti tekið að sér hikar hún ekki og segir svo vera. „Þetta er elsti sjónvarpsþátturinn fyrir utan fréttir. Það hafa allir skoðun á Stundinni okkar. Þetta er gríðarleg ábyrgð.“

atlifannar@frettabladid.is


Andersen & Lauth
Reykjavik
established 1934

Outlet

Síðasti tilboðsdagur er í dag

Nokkur verð

1000 2000 3000 4000 5000 6000 7000 8000...

Andersen & Lauth Outlet, Laugavegi 86-94


# Íslenskt drama á Austurlandi

Kvikmyndin Glæpur og samviska verður frumsýnd í Valaskjálf á Egilsstöðum 25. mars. Myndin hefur verið í vinnslu í fjögur ár og var alfarið tekin upp á Austurlandi með áhugaleikurum.

„Þetta er stórt íslenskt drama sem gerist í þessari hrikalegu náttúru sem hér er,“ segir leikstjórinn Ásgeir Hvítaskáld. „Meira og minna allir sem kunna eitthvað að leika á svæðinu tóku þátt í myndinni og það mæta örugglega um áttatíu manns á frumsýninguna.“

Hann fékk í tvígang styrk frá menningarráði Austurlands til að taka upp myndina, auk þess sem fyrirtæki á svæðinu veittu styrki. Aðaltökustaðurinn var Eiðaskóli og var það eigandinn, framleiðandinn Sigurjón Sighvatsson, sem lánaði þeim skólann fyrir tökurnar. Tónlistarmaðurinn Bjartmar Guðlaugsson, sem býr fyrir austan, leikur eiganda listagallerís í einu atriði. „Hann fer alveg á kostum,“ segir Ásgeir og heldur áfram um myndina: „Þetta er stór og flókin mynd og það eru margar persónur og margar sögur. Myndin fjallar um glæp og þá samvisku sem tengist honum.“

Ásgeir bjó í Danmörku í sextán ár og lærði þar kvikmyndagerð. Handrit myndarinnar var þróað á handritaverkstæði þar í landi. „Ég var með þetta í rassvasanum þegar ég kom heim og allt í einu sá ég möguleika á að gera þetta á Austurlandi.“

Björn Thoroddsen, Margrét Eir og Svavar Knútur eru á meðal þeirra sem eiga tónlistina í myndinni, sem verður einnig sýnd á Akureyri, í Reykjavík og víðar. -fb



**STYTTIST Í FRUMSÝNINGU** Kvikmyndin Glæpur og samviska verður frumsýnd í Valaskjálfi á Egilsstöðum 25. mars. Leikstjóri myndarinnar er Ásgeir Hvítaskáld.

# Safnaðu þekkingu

## Endurmenntun fyrir alla – óháð fyrri menntun

**Skráningarfrestur er að öllu jöfnu viku áður en námskeið hefst**



### MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Vinnustofa í leikritun
**hefst 5. apríl**

Fáðu krydd í tilveruna: Námskeið um ræktun kryddjurta
**haldið 12. apríl**

Trjárækt á sumarhúsalóðum
**haldið 13. apríl**

Á ferð um Íslendingasagnaslóðir með Magnúsi Jónssyni
**hefst 26. apríl**

Úr neista í nýja bók - fjarnámskeið
**hefst 28. apríl**

Landnáma sexfætlinganna
**hefst 2. maí**

Búddismi frá Tíbet
**hefst 3. maí**

Vestfirðir - fjársjóður við hvert fótmál
**hefst 9. maí**

Wagner og Valkyrjan
**hefst 10. maí**

Jonas Kaufmann í litrófi raddanna
**hefst 18. maí**

Barbara Bonney í litrófi raddanna
**hefst 1. júní**

### TUNGUMÁL

Kínverska II: framhaldsnámskeið
**hefst 4. apríl**

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Sykursýki - yfirlit og nýjungar í meðferð
**haldið 18. mars**

Alzheimers sjúkdómurinn - Yfirlit, greining og meðferð
**haldið 8. apríl**

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð: Framhaldsnámskeið
**hefst 11. apríl**

Þverfagleg meðferð og eftirmeðferð sjúklinga
sem liggja á gjörgæslu. Áhrif á endurheimt lífsþróttar
**haldið 6. maí**

Lausnamiðuð nálgun
**hefst 9. maí**

Gagnavinnsla í SPSS
**haldið 16. maí**

Lýsandi tölfræði í SPSS
**haldið 17. maí**

Ályktandi tölfræði í SPSS
**haldið 18. maí**

### FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Excel I - fjármál og rekstur
**hefst 21. mars**

Gerð viðskipta- og fjárhagsáætlana
**hefst 7. apríl**

Virðismat fyrirtækja
**hefst 2. maí**

### NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Starfsmannavelta
**hefst 6. apríl**

Siðareglur, fagmennska og traust
**hefst 9. maí**

### STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Gæðastjórnun - hugmyndafræði, stefna, aðferðir og umbótastarf
**hefst 6. apríl**

Stjórnun símaþjónustu í fyrirtækjum og stofnunum
**haldið 8. apríl**

Vinnugleði - mín vinna, mitt viðhorf
**haldið 14. apríl**

Listin að gera lista
Markviss forgangsröðun - leið til aukinna afkasta
**hefst 3. maí**

### HUGBÚNAÐUR

Uppskrift að góðu innraneti
**hefst 21. mars**

Programming Microsoft Azure - David Platt
**hefst 5. apríl**

SQL fyrirspurnarmálið
**hefst 6. apríl**

### UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Jákvæð agastjórnun: Leiðir til að skapa hvetjandi námsumhverfi
**hefst 4. apríl**

Ný leið til að gera skemmtileg próf:
Prófttökuforritið Question Writer 4
**haldið 5. apríl**

Meðferð og túlkun á niðurstöðum alþjóðlega
grunnskólaprófsins PISA: Í leit að sérstöðu Íslands
**haldið 11. maí**

### LÖGFRÆÐI

Samningagerð og "Samningahagfræði" - Hvernig tryggjum
við hagsmuni okkar með samningum?
**hefst 16. maí**

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444
endurmenntun.is

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja
DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir.is
Meiri Vísir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stærð, rottur og fleira skemmtilegt

Þeir sem eru í leit að annars konar afþreyingu geta stundum dottið í lukkupottinn á síðum háskólanna, því á þeirra vegum eru margvíslegar uppákomur. Næsta fimmtudag er til dæmis fyrirlestramaraþon í Háskólanum í Reykjavík. **Ólafur Ísleifsson** veltir fyrir sér hvort í fjárhag ríkissjóðs sé tifandi tímasprengja og **Friðrik Már Baldursson** hvort hægt sé bæði að eiga köku og éta hana. Guðrún Johnsen fjallar um makamarkaði, Karl Ægir Karlsson flytur fyrirlesturinn „Nýja rottan er fiskur“ og Ágúst Valfells fyrirlesturinn „Stærðin skiptir máli.“ Eru þá ekki nefndir nema fimm af 42 fyrirlestrum. Ekki nema þrír eru um Icesave.



### Bogi orðinn afi

Fréttahaukurinn **Bogi Ágústsson** brosir hringinn þessa dagana eftir að fyrsta afabarnið fæddist á sunnudaginn. Útvarpsmaðurinn **Ágúst Bogason** og tengdadóttirin Valgerður Árnadóttir eignuðust þá son. Drengurinn kom í heiminn nokkrum vikum á undan áætlun en heilsast engu að síður vel, rétt eins og foreldrunum. Drengurinn var tæpar tíu merkur og 46 sentímetrar. Þótt ekkert hafi verið ákveðið enn gantast fjölskyldumeðlimir með að ekki sé hár stuðull á því að drengurinn verði skírður eftir afanum.

**- óká, hdm**



### Mest lesið vísir

1. Fimmtán starfsmenn Byko og Húsasmiðjunnar handteknir
2. Í ársfrí eftir einelti af hálfu bæjarstjóra: Ég gat ekki meira
3. Ferðatíma Iceland Express breytt
4. Telja sig hafa fundið borgina Atlantis á Spáni
5. Notaður reiðbúnaður stöðvaður í

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki





# Fermingartilboð

## Gerið GÆÐA- og verðsamanburð

NÝTT 12 mánaða vaxtalausar greiðslur



| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 80x200 | 83.880 kr. | 69.900 kr. |
| 90x200 | 83.880 kr. | 69.900 kr. |
| 120x200 | 101.880 kr. | 84.900 kr. |
| 140x200 | 107.880 kr. | 89.900 kr. |
| 153x203 | 119.880 kr. | 99.900 kr. |

**VALHÖLL**

Bonnel gormakerfi, gæðabólstrun, vandaðar steyptar kantstyrkingar, góð nýting á svefnfleti



| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 90x200 | 107.880 kr. | 89.900 kr. |
| 100x200 | 113.880 kr. | 94.900 kr. |
| 120x200 | 131.880 kr. | 109.900 kr. |
| 140x200 | 143.880 kr. | 119.900 kr. |
| 153x203 | 155.880 kr. | 129.900 kr. |

**SAGA**

7 svæðaskipt heilsudýna með pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steyptar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa



| Stærð | Verð áður | Verð nú |
|---|---|---|
| 100x200 | 125.880 kr. | 104.900 kr. |
| 120x200 | 149.880 kr. | 124.900 kr. |
| 140x200 | 167.880 kr. | 139.900 kr. |
| 153x203 | 179.880 kr. | 149.900 kr. |

**ÞÓR**

7 svæðaskipt heilsudýna með tvöfölduu pokagormakerfi, góður lágbaksstuðningur, mýkra og betra axlasvæði, eggjabakka-þrýstijöfnunarefni í bólstrun, vandaðar steyptar kantstyrkingar, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa



| Stærð | Verð |
|---|---|
| 90x200 | 134.900 kr. |
| 100x200 | 144.900 kr. |
| 120x200 | 164.900 kr. |
| 140x200 | 179.900 kr. |
| 153x203 | 179.900 kr. |

**IQ-CARE**

**Ein besta heilsudýna í heimi,** háþróuð þrýstijöfnunar–heilsudýna, með 7 svæðaskiptum svefnfleti, mjúk og þægileg við axlasvæði, veitir góðan stuðning við lágbakssvæði, fullkomin nýting á svefnfleti, þarf aldrei að snúa

Öll verð með botni og fótum




10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum




Svefn & heilsa
www.svefn.is




Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00